



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Afríski draumurinn

Um knattspyrnumenningu Afríkulanda og draum ungra knattspyrnumanna um að "meika það" í Evrópu

Matthildur Edda Pétursdóttir

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2022

Afríski draumurinn

Um knattspyrnumenningu Afríkulanda og draum ungra knattspyrnumanna um að "meika það" í Evrópu

Matthildur Edda Pétursdóttir

12 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum

Leiðsögukennari
Geir Gunnlaugsson

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2022

Titill: Afríski draumurinn

Stuttur titill: Um knattspyrnumenningu Afríkulanda og draum ungra

knattspyrnumanna um að "meika það" í Evrópu

12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum.

Höfundarréttur © 2022 Matthildur Edda Pétursdóttir

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurlóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Matthildur Edda Pétursdóttir, 2022, bakkalárprófsverkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 39 bls.

Reykjavík, maí, 2022

Ágrip

Þessi ritgerð er til BA-prófs í félagsvísindum við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri. Umfjöllunarefni ritgerðarinnar er knattspyrnumenning Afríkulanda, þar sem lögð verður áhersla á að skoða knattspyrnu drengja út frá félagsvísindalegu sjónarhorni. Farið verður yfir uppruna íþróttarinnar í sögulegum skilningi sem og hvernig hún barst til álfunnar, auk þess sem greint verður frá hinum ýmsu knattspyrnusamböndum og mótum. Þá verður fjallað um staðbundna knattspyrnu í Afríku, flutninga afrískra leikmanna til Evrópu og spillingu innan knattspyrnuheimsins. Loks verður fjallað um mikilvægi knattspyrnu fyrir afrískar þjóðir, þar sem horft verður til félagslegra, efnahagslegra og fjölskyldutengdra þátta.

Markmiðið með ritgerðinni er að varpa ljósi á félagslega hlið afrískrar knattspyrnu og hvaða þýðingu hún hefur fyrir afríska alþýðu, þar sem ljóst er að knattspyrna hefur t.d. mun víðtækari þýðingu fyrir Afríkubúa heldur en Evrópubúa almennt. Sýnt hefur verið fram á að ferill í knattspyrnu geti hreinlega lyft leikmönnum og fjölskyldum þeirra upp úr fátækt og bætt lífsmöguleika þeirra til muna. Knattspyrnumenn eru stjórnurnar í Afríku, íþróttin er spiluð alls staðar og það er mikill uppgangur í henni. Fyrir flesta afríska leikmenn er leiðin að atvinnumennsku í knattspyrnu þó ekki hindrunarlaus og þurfa þeir oft að takast á við erfiðar áskoranir eins og svindl og svik, sem ásamt fleiru verður stiklað á í þessari ritgerð.

Lykilorð: knattspyrna, Afríka, búferlaflutningar, Evrópa, nýlendustefna, peningasendingar

Abstract

This paper is submitted as a part of the Baccalaureus Atrium – degree in Social Sciences at the University of Akureyri. The subject of the paper is the African soccer culture, where emphasis will be placed on looking at boys' soccer from a social science perspective. The origins of the sport in the historical sense and its origins in the continent will be covered, as well as various soccer associations and tournaments. The local soccer in Africa and the migration of African players to Europe will be discussed, besides corruption within the world of soccer. Finally, the importance of soccer for African nations will be discussed, with focus on social-, economic- and family factors.

The aim of the paper is to shed light on the social side of African soccer and what soccer really means for the African people, as it is clear that soccer has much broader meaning for Africans than Europeans in general. It has been shown that a career in soccer can simply raise players and their families out of poverty and greatly improve their livelihoods. Soccer players are the stars of Africa, the sport is played everywhere, and it is booming. For most African players, however, the path to a professional soccer career is not without obstacles and they often must face difficult challenges such as cheating and fraud, which along with more will be covered in this paper.

Keywords: soccer, Africa, migration, Europe, colonialism, remittances

Ég vil fyrst og fremst þakka leiðsögukenndara mínum, Geir Gunnlaugssyni, fyrir góða aðstoð, gagnlegar ábendingar og utanumhald í gegnum ritgerðarskrifin.

Einnig vil ég þakka öllum þeim sem gáfu sér tíma til að veita mér aðstoð og upplýsingar fyrir ritgerðina.

Sérstakar þakkir vil ég færa kettinum mínum, Sófusi, fyrir að veita mér andlegan stuðning í gegnum námið.

Síðast en ekki síst vil ég þakka frábærum námsförunautum mínum fyrir ógleymanleg þrjú ár við Háskólann á Akureyri.

Formáli

Ritgerðin er lokaverkefni til 180 eininga BA prófs í félagsvísindum við hug- og félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Sökum brennandi áhuga míns á Afríku og afrískri menningu þá lá beinast við að viðfangsefni ritgerðarinnar myndi tengjast Afríku á einn eða annan hátt. Eftir að hafa fengið innsýn inn í heim knattspyrnunnar í gegnum góða vini mína frá Afríku kviknaði áhugi minn á umfjöllunarefni ritgerðarinnar, sem snýr að knattspyrnumenningu Afríkulanda. Þrátt fyrir að hafa haft litla þekkingu á knattspyrnu fyrir skrif þessarar ritgerðar, þá reyndist umfjöllunarefnið vera virkilega skemmtilegt og áhugavert, þar sem knattspyrna í Afríku er svo miklu meira en bara íþrótt. Það er sérstaklega áhugavert að skoða hversu mikla félagslega þýðingu knattspyrnan hefur í Afríku.

Ritgerð þessa vil ég tileinka öllu knattspyrnuáhugafólki, öllum þeim sem hafa áhuga á afrískri menningu og sögu, sem og öðrum fróðleiksfúsum.

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	1
2	KNATTSPYRNA – SAGA OG UPPHAF	3
2.1	UPPRUNI ÍÞRÓTTARINNAR.....	3
2.2	UPPHAF KNATTSPYRNU Í AFRÍKU	4
3	KNATTSPYRNUSAMBÖND OG MÓT	9
3.1	ALÞJÓÐAKNATTSPYRNUSAMBANDIÐ (FIFA).....	9
3.2	KNATTSPYRNUSAMBAND AFRÍKU (CAF)	10
3.3	AFRÍKUKÉPPNIN (AFRICA CUP OF NATIONS)	12
4	UPPGANGUR Á AFRÍSKUM LEIKMANNAMARKAÐI	17
4.1	STAÐBUNDIN KNATTSPYRNA Í AFRÍKU	17
4.2	FLUTNINGUR AFRÍSKRA LEIKMANNA TIL EVRÓPU	19
4.3	SPILLING Í KNATTSPYRNUHEIMINUM.....	21
5	MIKILVÆGI KNATTSPYRNU FYRIR AFRÍSKAR ÞJÓÐIR.....	25
5.1	FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR	25
5.2	EfNAHAGSLEGIR ÞÆTTIR.....	27
5.3	FJÖLSKULDUTENGDIR ÞÆTTIR	29
6	SAMANTEKT..	32
	HEIMILDASKRÁ	35

1 Inngangur

Knattspyrna er án efa vinsælasta íþrótt Afríkulanda og einnig á heimsvísu. Ósjaldan er henni lýst sem fallegum leik. Það skiptir nefnilega ekki máli hverjir leika leikinn, hvort sem það eru frægir og háttlaunaðir leikmenn í ensku deildinni eða berfættir drengir í útjöðrum Afríkulanda, reglur leiksins eru alltaf þær sömu. Það eina sem þarf til að spila leikinn er einhverskonar bolti og mark, hvort sem markið er net á tveimur stöngum eða jafnvel bara tveir steinar. Það er þessi tæri einfaldleiki sem er helsta ástæðan fyrir því að knattspyrna er langvinsælasta íþrótt í heimi (Páll Stefánsson, 2010). Varla líður sá dagur þar sem knattspyrna er ekki til umfjöllunar í fréttum eða fjölmiðlum. Með tilkomu netmiðla hefur enn fremur verið auðveldara og aðgengilegra fyrir fólk að fylgjast með fréttum af knattspyrnu og að nálgast einstök úrslit í rauntíma, sem hefur jafnframt hjálpað til við að viðhalda vinsældum íþróttarinnar. Net- og samfélagsmiðlar gera knattspyrnustjörnum einnig kleift að vera sýnilegri með því t.d. að halda úti sínum eigin aðgangi, þar sem þeir laða að aðdáendur sem geta fylgst með þeirra eftirsóttu lífsstíl og fyllst enn meiri áhuga á íþróttinni (Korzynski og Paniagua, 2016).

Umfangsmikil fjölmiðlaumfjöllun um allan heim sem helguð er atvinnumennsku í knattspyrnu, einkum evrópskri knattspyrnu, og þeirri stjörnudýrkun sem fylgir knattspyrnumönnum, er sögð hafa gert mýtuna um knattspyrnuferil að vinsælli leið til félagslegs hreyfanleika upp á við. Ekki er því skrítið að einn algengasti draumur meðal ungra afrískra drengja er að þróa með sér farsælan feril í knattspyrnu. Leiðin að atvinnumennsku í knattspyrnu er samt sem áður talin sérstaklega erfið fyrir ungt fólk í Afríku og er algengara að hún leiði frekar af sér félagslegan hreyfanleika niður á við heldur en upp á við. Þannig skilur þetta ferli oft eftir sig óuppfyllta drauma þúsunda Afríkumanna. Þessi óáreiðanleiki og óvissa sem gjarnan er fylgifiskur knattspyrnuferils fælir þó afrísk ungmenni ekki frá því að láta til skarar skriða að elta drauminn og er oftast en ekki á kostnað formlegrar menntunar og starfsþjálfunar (Esson, 2013). Hér á eftir verður meðal annars farið yfir það hversu mikið er í húfi fyrir Afríkumenn þegar að þeir taka þá ákvörðun að velja knattspyrnuferil.

Vert er að taka fram að í þessari ritgerð verður sjónum einungis beint að knattspyrnu drengja í Afríku. Knattspyrnuíþróttin í Afríku hefur löngum verið mjög kynskipt og hefur hún oftast nær verið leikin af drengjum, á meðan netbolti hefur frekar verið leikinn af stúlkum. Það er vegna þess að í gegnum tíðina hefur knattspyrnan táknað karlmannlega eiginleika eins og hörku og styrk, sem hefur útilokað og jaðarsett stúlkur frá íþróttinni (Mayeza, 2017). Að auki hafði aðskilnaðarstefnan í Suður-Afríku haft þau áhrif að stúlkur voru um margra alda skeið jaðarsettar í íþróttum. Stúlkur í Afríku hafa þó tekið miklum framförum í íþróttaiðkun undanfarin ár og hefur þátttaka þeirra aukist verulega. Í dag eru ýmis teikn á lofti um áhuga ungra afrískra stúlkna á knattspyrnu og virðist framtíð þeirra í knattspyrnu, sem og í íþróttum almennt, vera björt (Sait og Bogopa, 2021).

2 Knattspyrna - saga og upphaf

2.1 Uppruni íþróttarinnar

Erfitt er að segja nákvæmlega til um upphaf knattspyrnuíþróttarinnar vegna þess að í raun og veru er ekki til neinn formlegur "fyrsti knattspyrnuleikur" í skráðum heimildum vorra daga. Upphaf knattspyrnunnar nær því aftur í aldir fyrir byrjun okkar tímatafs og skráðrar sögu. Í samfélögum fyrir tíma iðnbyltingar, þegar skortur var á skriflegum reglum, var knattspyrna gjarnan leikin sem einskonar skrísleikur eins þorps gegn öðru þorpi og var leiknum fagnað sem hluta af frjósemishelgisiði eða til að marka sérstakar árstíðir (Murray, 1996).

Til eru heimildir sem vísa í íþrótt, sem iðkuð var í Kínavefði fyrir rúmlega 2,000 árum, sem á að hafa líkst knattspyrnu. Nefndist sú íþrótt þar í landi "zu qiu". Hliðstæður knattleikur í Japan nefndist "askemari", í Rómavefði hinu forna kallaðist leikurinn "harpastum" (orðið merkir "að grípa") og í Grikklandi nefndist hann "episkyros". Seint á annarri öld ritaði egypskur sagnfræðingur, að nafni Júlíus Pollux, lýsingu á ofangreindum knattleik og orðaði hann í lýsingu sinni að leikmenn hefðu skipst upp í tvö lið sem léku hvort á móti öðru (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, 1997). Markmið leiksins hafi verið að drífa knettinum yfir tvær línur sem merktar hefðu verið á sitt hvorn enda vallarins. Knattleikur þessi hafði náð talsverðum vinsældum á Englandi á 13. öld og var hefðin sú að sprengidagur væri "opinber leikdagur" ár hvert. Eins og fyrr segir voru keppnir á þessum tíma oft háðar á milli þorpa eða bæjarhluta og gat leikurinn orðið ansi harður. Mikil læti, skemmdir og jafnvel dauðsföll af slysi voru meðal þess sem gerðist jafnan í hita leiksins. (Víðir og Sigurður, 1997).

Sökum þeirra dauðsfalla sem fylgt höfðu knattleiknum, tók Játvarður annar Englandskonungur þá ákvörðun árið 1314 að banna leikinn í London, vegna þess að honum fannst leikurinn leiða svo margt af sér sem Guð bannaði (Víðir og Sigurður, 1997). Árið 1349 bætti Játvarður hinn þriðji um betur og brá á það ráð að banna leikinn um allt England. Knattspyrnan lifði samt sem áður frómu lífi á meðal almúgans, þrátt fyrir bannið. Það var svo ekki fyrr en árið 1681 að Karl annar Englandskonungur aflétti banninu. Hann hafði aðrar hugmyndir um knattleikinn en forverar hans og hvatti jafnframt til iðkunar hans. Um miðja 19.

öldina var stórt skref tekið til nútímans þegar enskir skólar fóru að taka upp knattspyrnu. Þarna áttuðu yfirvöld sig á því að nauðsynlegt væri að blanda saman leik og námi - og hve liðsþrótt með hópi jafnaldra væri félagslega þroskandi. Með þessu skrefi hafði knattspyrnan öðlast viðurkenningu aðalsins og millistéttarinnar (Víðir og Sigurður, 1997).

Á sjöunda áratug nítjándu aldar voru svo margir ungir menn (sér í lagi millistéttarmenn) farnir að æfa knattspyrnu að það þótti orðið tímabært að koma einhverri reglu á leikinn. Úr varð að í Englandi, Ástralíu og í Bandaríkjunum þróuðust reglurnar yfir í þær knattspyrnureglur sem við þekkjum í dag. Nýjar knattspyrnureglur voru samdar og samþykktar í London þann 26. október árið 1863. Leikurinn sem þær vísuðu til bar þá hið hátíðlega heiti "association football" í Englandi (Murray, 1996). Þessar nýju reglur ollu straumhvörfum, því samkvæmt þeim var bannað að nota hendurnar og fjöldi leikmanna í hverju liði var sömuleiðis takmarkaður við ellefu manns. Á því sama herrans ári varð jafnframt nýyrðið "soccer" til af Charles Wreford-Brown, nemandi í Oxford-háskóla, sem svo síðar varð stjórnarmaður í Enska knattspyrnusambandinu. Orðið "soccer" hefur æ síðan verið notað sem virðulegra og fínna heiti yfir orðið "football" á enskri tungu, rétt eins á íslensku þykir fínna að nota orðið "knattspyrna" í stað orðsins "fótbolti" (Víðir og Sigurður, 1997).

Líkt og áður kom fram, hafði knattspyrna þó verið spiluð í hinum ýmsu myndum um allan heim og átti hún sér langa sögu áður en reglugerðir millistéttarinnar á nítjándu öld komu til. Um margra ára bil hefur íþróttin trónað á toppnum sem vinsælasta og útbreiddasta íþrótt heims (Murray, 1996). Í dag spilar knattspyrna veigamikinn þátt í daglegu lífi milljóna manna um allan heim. Gríðarlegur fjöldi fólks, karla jafnt sem kvenna, iðkar íþróttina – hvort sem um er að ræða atvinnumennsku, áhugamennsku eða bæði – og enn fleira fólk nýtur þess að fylgjast með gengi og úrslitum einstakra knattspyrnuliða, frá einum leik til annars (Cuevas, Quilón og García, 2020).

2.2 Upphaf knattspyrnu í Afríku

Á nýlendutímanum sendu Bretar fjölda allan af kristniboðum út um allan heim. Í stuttu máli sagt voru það fyrst og síðast nýlenduherrarnir, sér í lagi Bretar, sem komu til Afríku með trúarboðskapinn og tóku með sér Biblíuna og boltann (Whitehead, 1999). Knattspyrnuleikurinn barst til Afríku á seinni hluta nítjándu aldar í gegnum helstu hafnarborgir og tók svo að breiðast inn í löndin í kringum 1920 með hjálp nýlagðra járnbrautarlína, nýlenduvers og skóla að vestrænum sið, sem aðallega voru reknir af trúboðum. Voru þeir flest allir hvítir breskir kennarar

úr efri stétt sem unnu hörðum höndum að útbreiðslu íþróttarinnar um álfuna. Breskir embættismenn byrjuðu á því að sparka bolta í skólum fyrir yfirstéttina og út frá því breiddist leikurinn smám saman út um lönd (Alegi, 2010, bls. 1).

Þegar samþjöppun nýlendustjórnar tók að myndast á fyrstu tveimur áratugum tuttugustu aldarinnar varð knattspyrnan miðlæg í afrískri menntun og í þróun nýrrar menningar sem brúaði til að mynda bil á milli stétta og samfélaga; svo sem á milli dreifbýlis og þéttbýlis og innfæddra og vestrænna innflytjenda. Víða í Afríku ýtti knattspyrna einnig undir aukna þjóðarvitund þar sem hún kallaði fram nógu sterka ástríðu til að gleyma daglegu amstri og misklíð. Knattspyrna hefur þannig í gegnum tíðina getað dregið fram gleðina og kraftinn í daglegu lífi Afríkumanna sem ósjaldan dylt á bak við fréttir af fátækt og óáran (Páll Stefánsson, 2010).

Fyrstu skrásettu knattspyrnuleikirnir í álfunni voru spilaðir í Suður-Afríku. Það ætti svo sem ekki að undra þar sem Evrópubúar hófu að setjast þar að fyrir næstum fjórum öldum. Leikirnir voru spilaðir af hvítum mönnum í nýlendunum Cape og Natal. Skrásetning þessarar evrópsku íþróttar virðist hafa hafist árið 1862, þegar leikir á milli liða hermanna og embættismanna voru spilaðir í Donkin Friðlandi í Port Elizabeth og á Green Point kappreiðavellinum í Höfðaborg. Þessir fyrstu frumstæðu leikir innihéldu bæði ruðning (e. *rugby*) og önnur form knattspyrnu, sem ekki var óvenjulegt vegna þess að mismunandi leikform voru við lýði áður en reglur knattspyrnusambanda voru lögfestar árið 1863 í London. Straumur breskra hermanna úr verkamannastétt til suðurhluta Afríku í nýlenduherferðum gegn Zulu-ríkinu og Afrikaners (sem að mestu leyti voru afkomendur Hollendinga, einnig þekktir sem Búar) varð þá kveikjan að stofnun fyrstu opinberu knattspyrnusamtakanna í Afríku, Pietermaritzburg County Football Club og Natal Wasps FC, stofnuð í kringum 1880 og Natal Football Association, stofnað árið 1882 (Alegi, 2010, bls. 2).

Suður-afríska knattspyrnusambandið (SAFA) var stofnað árið 1892 og samanstóð í upphafi eingöngu af hvítu fólki. Sambandið var jafnframt fyrsta landsstjórnin í álfunni fyrir knattspyrnuíþróttina. Þrátt fyrir að eiga rætur sínar að rekja til nýlendutímans var litið á knattspyrnu í Suður-Afríku um 1920 sem íþrótt svarts verkafólks, á meðan ruðningur, krikket og aðrar millistéttaíþróttir eins og tennis og golf urðu nátengdar hvítu valdi og auðkenni. Rétt eins og í suðurhluta álfunnar var tilkoma knattspyrnunnar í öðrum hlutum álfunnar sömuleiðis tengd evrópskum nýlenduherum (Alegi, 2010, bls. 2).

Á sama tíma og Bretar kynntu nútíma íþróttir af miklum krafti fyrir íbúum Afríku sunnan Sahara eftir landvinninga og stuðluðu að hraðri útbreiðslu þeirra, voru Frakkar ásamt Belgum, Portúgölum og Ítölum töluvert rólegri í þeim efnum. Ástæðan var meðal annars sú að í baráttunni um Afríku og strax eftir landvinninga, skorti flest Evrópulönd sambærilega íþróttamenningu og þeirrar sem var ríkjandi í Bretlandi. Á 3. og 4. áratug tuttugustu aldar fóru þó franskir nýlenduherrar að tengja íþróttir meira saman við siðmenningu sína og trúboðsmennsku (Alegi, 2010, bls. 4).

Á síðustu tveimur öldum hefur iðkun nútíma íþróttar iðulega byrjað með útrás evrópskra heimsvelda. Umboðsmenn vestrænnar heimsvaldastefnu stunduðu íþróttir sín á milli en litu einnig á íþróttir sem tæki til útbreiðslu siðmenningarinnar. Til dæmis iðkuðu breskir hermenn, sjómenn, kaupmenn og ríkisstarfsmenn knattspyrnu sér til skemmtunar, en þeir litu einnig á hana sem þungamiðju í "siðmenntunarverkefni" Evrópu í Afríku. Þar sem að minna en eitt prósent Afríkubúa fengu framhaldsskólamenntun fyrir árið 1930 urðu knattspyrna og aðrar íþróttir þannig kjarninn í akademískri námskrá og reynslu nemenda í trúboðsskólum. Kennarar og trúboðar notuðu þessa ódýru og auðlærðu skemmtun til að fullnægja "byrði hvíta mannsins". Með því orðatiltæki var átt við að kenna afrískum trúskiptingum og nýlenduþegnum dyggðir kristinnar trúar, kapítalísk viðskipti og vestræna siðmenningu (Alegi, 2010, bls. 1). Stofnun vestrænna skóla um alla álfuna spilaði þar af leiðandi veigamikið hlutverk í þróun þekkingar og iðkunar á knattspyrnu í Afríku. Trúboðsskólar og ríkisskólar sáu að knattspyrna dró að sér fólk og því var ákveðið að gera hana að skyldu í námsskrá trúboðsskólanna (Páll Stefánsson, 2010).

Knattspyrna var eitt af því fáa úr beiskum brunni nýlendustefnunnar sem Afríkubúar tileinkuðu sér og höfðu vel til þeirra. Með tilkomu hennar voru þeir þannig ekki þvingaðir til þess að tileinka sér vestræna íþrótt, heldur nutu þeir leiksins á eigin forsendum og af eigin ástæðum (Páll Stefánsson, 2010). Á millistríðsárunum höfðu bresk yfirvöld í Nígeríu tekið upp íþróttir sem meginþátt nýlendumenntunar. Íþróttir urðu mikils metinn þáttur í skynsamlegri afþreyingu milli- og yfirstéttamanna á Viktoríutímanum og var gjarnan talað um að með íþróttum öðluðust menn dyggðir sem engar bækur gætu gefið þeim (Alegi, 2010, bls. 8).

Á þessum árum fóru jafnframt afrískir bæir og borgir að stækka og mikilvægi, vinsældir og umfang knattspyrnunnar jukust að sama skapi. Bæjarbúar stofnuðu knattspyrnufélög og skipulögðu keppnir víða um lönd. Í upphafi, þegar vinnuveitendur og embættismenn nýlenduveldanna skipulögðu fyrstu liðin, þótti knattspyrna vera eins og hver önnur vinna fyrir

Þá Afríkubúa sem kallaðir voru til þátttöku. Sívaxandi ástríða fyrir leiknum meðal þessara verkamanna breytti þó fljótlega skyldu yfir í ánægju. Þátttaka í knattspyrnu var spennandi og skemmtileg, en hún var líka leið til að mynda tengsl og byggja upp tengslanet í ört vaxandi bæjum þessa tíma. Um svipað leyti og Afríkubúar byrjuðu að reka af sér evrópska heimsvaldasinna fóru þeir svo að taka algjöru ástfóstri við knattspyrnunni (Páll Stefánsson, 2010).

Þegar við hugsum um Afríku eins og við þekkjum hana í dag er þó mikilvægt að hafa í huga hvað löndin þar eru ung, þ.e.a.s. hversu stutt það er síðan þau fengu sjálfstæði frá nýlenduveldunum og svokölluð "Afríkuvæðing" fór að skjóta rótum. Með Afríkuvæðingu er átt við að losna undan arfleidd nýlendustefnunna, vestur-evrópskrar menningar og kaþólskunnar. Flest lönd Afríku eru ekki stofnuð fyrr en um og upp úr 1960 og því er það ekki fyrr en í kringum 1960 sem "Afríkubylgjan" fer af stað (Bogaerts og Raben, 2012; Whitehead, C. 1999). Það er þess vegna engin tilviljun að nokkur af elstu og mikilvægustu knattspyrnufélögum Afríku samtímans rekja uppruna sinn til þessa brautryðjendatímabils, þar á meðal Accra Hearts of Oak (1911), Espérance Sportive de Tunis (1919), Jeanne d'Arc de Dakar (1923), Canon og Tonnerre Yaoundé (1930 og 1934), Young Africans S.C. (1935), Simba S.C. frá Dar es Salaam (1936) og fleiri. Bresk áhrif eru ekki síst sýnileg í nöfnum afrískra liða, eins og sjá má á liðunum Aston Villa og Wolverhampton Wanderers í Accra, Sunderland í Dar es Salaam og Blackpool í Jóhannesborg, sem öll líkja eftir nöfnum enskra úrvalsliða. Svartir klúbbar eins og Devonshire Rovers í Höfðaborg og Highlanders í bæði Jóhannesborg og Bulawayo endurspegluðu aftur á móti áhrif hersins (Alegi, 2010, bls. 18).

3 Knattspyrnusambönd og mót

3.1 Alþjóðaknattspyrnusambandið (FIFA)

Alþjóðaknattspyrnusambandið (FIFA) var stofnað þann 21. maí árið 1904 í París, Frakklandi (Pouliopoulos og Georgiadis, 2021). Sambandið var stofnað af sjö evrópskum þjóðum sem eiginleg regnhlífarsamtök yfir önnur knattspyrnusambönd. FIFA samanstendur af 211 aðildafélögum (landssamböndum). Aðildafélög FIFA eru fulltrúar FIFA í sínu landi og hafa félögin öll jafnan atkvæðisrétt á FIFA þinginu (FIFA, e.d.). Aðildafélögin eru þá einnig hvert um sig meðlimir í einu af þeim sex svæðasamböndum (aðildarsamtökum) sem heiminum er skipt upp í og er Knattspyrnusamband Afríku eitt þeirra. Svæðasamböndin sex eru þar af leiðandi fulltrúar hundraða knattspyrnufélaga innan FIFA og eru þúsundir atvinnuleikmanna skráðir hjá þessum félögum. Helstu markmiðin með tilkomu FIFA voru að staðla leikreglur knattspyrnusambanda þvert á landamæri, skipuleggja alþjóðleg knattspyrnumót og þróa sameiginlegt leikdagatal fyrir meðlimi sambandsins. Þar sem FIFA starfar sem reglusetningarstofnun getur það einnig leyst knattspyrnutengd ágreiningsefni og gerir staða þess í regluverkinu því jafnframt kleift að fara fram á eða krefjast eftirfylgni í íþróttinni (Nkang, 2021).

Upprunalega voru FIFA samtökin ekki stofnuð í hagnaðarskyni og voru þau heldur ekki með nægilega stórt tengslanet til að ná slíkum markmiðum í byrjun (Nkang, 2021). Á millistríðsárunum fór FIFA samtökunum þó að vaxa fiskur um hrygg þegar þau reyndu að hnattvæða knattspyrnuleikinn, þá sérstaklega með stofnun heimsmeistarakeppninnar (e. *The World Cup*) árið 1930. Strax árið 1931 voru meðlimir FIFA þannig orðnir 31 talsins (þar af 27 frá Evrópu), en talan stækkaði hratt þar sem meðlimirnir voru orðnir 57 talsins árið 1938 (Bolsmann & Marschik, 2016). Árið 1974 má segja að FIFA hafi byrjað að stimpla sig inn í nútímann sem stórt og alþjóðlegt íþróttaveldi og er sambandið nú talið vera mikilvægur hlekkur í alþjóðlegu hagkerfi (Nkang, 2021). Í fjármálasveiflunni 2015-2018 var greint frá því að FIFA hafi skilað tekjum upp á meira en 6,4 milljarða Bandaríkjadala, sem var nýtt met þess tíma (FIFA, 2019).

Suðurafríska knattspyrnusambandið (SAFA) varð fyrst til að gerast meðlimur FIFA í Afríkuálfunni árið 1910 (Alegi, 2010, bls. 2). Vegna aðskilnaðarstefnunnar var knattspyrnan í

Suður-Afríku djúpt klofin eftir kynþáttum og einkenndist af skorti á samræmdri og faglegru uppbyggingu (Darby og Solberg, 2010). Árið 1926 hafði FIFA fengið sig fullsatt af aðskilnaðarstefnu Suður-Afríku, þar sem kynþáttamismunur innan SAFA var ekki í samræmi við stefnu FIFA. Á því ári var SAFA því vikið frá FIFA fyrir að brjóta sáttmálann gegn mismunur og gengu Suðurafríkumenn þar með aftur í raðir Enska knattspyrnusambandsins. Í júní árið 1951 var loks farið að vinna að því að sporna gegn mismunur innan suðurafrískrar knattspyrnu og voru rasísk ákvæði í stjórnarskrá SAFA fjarlægð árið 1956, vegna þrýstings af hálfu FIFA. Suður-Afríka sótti þá um aðild að FIFA á ný árið 1957 undir nýja og breytta nafninu "Football Association of Southern Africa" (FASA). Nýja nafninu var ætlað að bera merki um verulegar breytingar á skipulagi knattspyrnunnar í Suður-Afríku (Bolsmann, 2010).

Það fór ekki sem skyldi og varð tregða Suður-Afríku til að breyta rasískri afstöðu sinni þess valdandi að FIFA fann sig knúið til að neita FASA inngöngu inn í sambandið í september árið 1961. Þann Suður-Afríku hélst alveg til ársins 1992, þegar FASA var loksins hleypt aftur inn í FIFA (Bolsmann, 2010). Árið 2010 markaði svo söguleg tímamót fyrir afríska knattspyrnumenningu þegar Suður-Afríkumenn fengu það hlutverk að skipuleggja heimsmeistarakeppnina. Fyrsta heimsmeistarakeppnin sem haldin var á afrískri grundu var afar þýðingamikil þar sem hún styrkti það mikilvæga, en á sama tíma lélega, samband sem Afríka hafði haft við knattspyrnu á alþjóðavísu og beindi á sama tíma sjónum heimsins að Suður-Afríku og álfunni allri (Hughson o.fl., 2017).

3.2 Knattspyrnusamband Afríku (CAF)

Knattspyrnusambandi Afríku (CAF) var formlega ýtt úr vör þann 8. febrúar árið 1957 í Kartúm, höfuðborg Súdan. Höfuðstöðvar sambandsins voru fyrst um sinn staðsettar þar en færðust síðar til Kaíró í Egyptalandi, þar sem þær eru enn í dag. CAF var stofnað af fjórum stofnmeðlimum eftir umræður þeirra á milli á fundi í Lissabon í júní árið 1956. Stofnmeðlimirnir fjórir voru knattspyrnusambönd Egyptalands, Eþíópíu, Suður-Afríku og Súdan (Bolsmann, 2010). CAF er yfirumsjónaraðili, sem og fulltrúi, afrískrar knattspyrnu á alþjóðavísu sem hefur það hlutverk m.a. að reka álfu-, þjóða- og félagakeppnir, ásamt því að stýra reglugerðum, útsýningarrétti og verðlaunaupphæðum þessara keppna (Dunmore, 2011, bls. 58). Í dag samanstendur CAF af 56 aðildafélögum, sem gerir það að stærstu aðildarsamtökum FIFA en Meistaradeild Evrópu (UEFA) er í öðru sæti og samanstendur af 55 aðildafélögum (FIFA, e.d.). Fyrsti forseti CAF var

Egyptinn Abdel Aziz Abdallah Salem, sem tók m.a. stóran þátt í því að skipuleggja fyrstu Afríkukeppnina (Dunmore, 2011, bls. 59), sem rætt verður nánar um hér á eftir. Meðal Afríkukeppninnar hefur CAF einnig yfirumsjón með ýmsum innlendum knattspyrnukeppnum, svo sem Meistaradeild Afríku (e. *The African Champions League*), Sambandsbikarnum (e. *Confederation Cup*), Ofurbikarnum (e. *Super Cup*), Afrísku Meistarakeppninni (e. *African Nations Championships*) og Afríkukeppni kvenna (e. *Africa Women Cup of Nations*), auk fleiri keppna (Omondi-Ochieng, 2019). Þar sem CAF hefur flest aðildaríki innan FIFA hefur það einnig flest atkvæði á FIFA-þinginu og hefur t.d. mikil áhrif þegar kemur að forsetakosningum FIFA (Fletcher, 2016).

Allt frá stofnun og fram að fyrri hluta áttunda áratugarins hafði FIFA aðeins haft evrópska forseta við völd. Það breyttist árið 1974, þegar Brasilíumanninum João Havelange tókst að steypa Stanley Rous af stóli í forsetakosningum FIFA. Knattspyrnusamband Afríku átti mikilvægan þátt í forsetakjöri Brasilíumannsins, sem ekki kemur á óvart, því kosningin bar merki um byltingakennda breytingu á íhaldssamri og Evrópumiðaðri stjórn FIFA (Hughson o.fl., 2017). Á þessum tímamarki var Epíópíumaðurinn Ydnekatchew Tessema forseti CAF (frá 1972 til 1987) og hjálpaði hann CAF við að ná auknum völdum innan alþjóðlegs stjórnarskipulags FIFA, ásamt því að veita virkan stuðning við árangursríkt forsetaframboð João Havelange (Dunmore, 2011, bls. 59). Í kosningunum var til að mynda lýst yfir skuldbindingu um að hnattvæða og markaðssetja knattspyrnuleikinn, um leið og sýnt var fram á vaxandi völd Afríkubjóða innan FIFA (Hughson o.fl., 2017). João Havelange lofaði jafnframt að stækka Heimsmeistaramótið þannig að það myndi ná til fleiri afrískra liða. Síðan það loforð var efnt hefur CAF fjölgað sjálfvirkum undankeppnisliðum á Heimsmeistaramótinu úr einu liði árið 1970 upp í fimm lið árið 2010 (Dunmore, 2011, bls. 59).

Frá stofnun hefur viðleitni CAF og einstakra afrískra samtaka miðast við að ná réttlátari valddreifingu í knattspyrnuheiminum. Þetta hefur síðan leitt til þess að þeir sem hafa sóst eftir æðstu stjórnunarstöðum FIFA hafa samtímis sóst eftir stuðningi Afríkusambandsins sem þannig hefur styrkt valdastöðu þess innan samtakanna. Á sama hátt og líkindi eru með sjálfstæðisbaráttu Afríku og baráttu CAF fyrir að gegna stærra hlutverki í stjórnun íþróttarinnar, endurspeglar hún aukna spennu á milli fyrsta og þriðja heimsins og í seinni tíð hefur knattspyrna í Afríku verið vettvangur fyrir mótstöðu gegn þrýstingi frá heimsvaldastefnu (Darby, 2002).

3.3 Afríkukeppnin (Africa Cup of Nations)

Sama ár og Knattspyrnusamband Afríku var komið á fót var strax í kjölfarið efnt til stofnunar á álfukeppni innan Afríku er hlotnaðist einfaldlega heitið *Afríkukeppnin* (e. *Africa Cup of Nations*, stytting: AFCON). Knattspyrnusamband Afríku er jafnframt sá aðili sem heldur utan um Afríkukeppnina (Dunmore, 2011, bls. 59). Fyrsta Afríkukeppnin var haldin fyrstu vikuna í febrúar árið 1957 og frá þeim tíma hefur verið keppt um Afríkubikarinn á tveggja ára fresti (Páll Stefánsson, 2010). Af gefnu tilefni fór fyrsta keppnin fram í sömu borg og Knattspyrnusamband Afríku hafði verið stofnað í, í Kartúm. Öllum fjórum stofnmeðlimum CAF var boðið að keppa í fyrstu Afríkukeppninni, en Suður-Afríka sat hjá. CAF hélt því fram, að landssamtök þeirra á tímum aðskilnaðarstefnunnar hafi neitað að gangast við kröfu samtakanna um að landið myndi tefla fram fjölbjóðlegu liði í keppnina (Dunmore, 2011, bls. 59). Raunin var þó reyndar sú að FASA vildi ekki taka þátt vegna Suez kreppunnar, sem á þessum tíma dundi yfir í Norður-Afríku. FASA hafði samband við Súðanska knattspyrnusambandið með þær tillögur um að aflýsa eða fresta skyldi keppninni vegna þess alþjóðlega efnahagsástands sem þá ríkti í álfunni. Í svari frá súðanska knattspyrnusambandinu var staðfest að mótið skyldi fara fram á þeim dagsetningum sem hefðu verið fastsettar og að engar breytingar yrðu hvað keppnina varðaði. FASA íhugaði málið vandlega en ákvað á endanum að afturkalla lið sitt úr fyrstu keppninni vegna Suez deilunnar, sem hafði áhrif víða í Norður-Afríku og Miðausturlöndum (Bolsmann, 2010). Af þessu leiddi að einungis þrjú lið kepptu sín á milli um Afríkubikarinn í fyrstu keppninni og stóðu Egyptar uppi sem sigurvegarar. Næsta keppni skyldi þar af leiðandi fara fram í Kaíró tveimur árum síðar (Rofe og Tomlinson, 2020).

Í apríl árið 1959 tilkynnti FASA að vegna heimsóknar frá enska knattspyrnuliðinu Bolton Wanderers væri ómögulegt fyrir Suðurafríkumenn að koma með lið í næstu Afríkukeppni sem haldin ætti að vera í Kaíró það sama ár. FASA tilkynnti CAF jafnframt að það myndi ekki mæta á CAF-fundinn fyrir FIFA-þingið í Róm árið 1960. Þetta leiddi til þess að FASA var rekið úr CAF á Rómarfundinum. Brottrekstur FASA úr CAF táknaði þó sigur fyrir baráttuna gegn aðskilnaðarstefnunni í íþróttum og veitti enn frekari hvatningu til að halda baráttunni áfram innan FIFA og reyna sömuleiðis að reka FASA úr alþjóðastofnuninni. Rómarþing FIFA árið 1960 samþykkti ályktun um að landssamtök mættu ekki iðka kynþátta-, trúar- eða pólitíska mismunun. FASA fékk 12 mánuði til að hlíta ályktuninni, en eins og áður sagði hér að ofan þá

endaði þetta á sömu leið og hjá CAF, með brottrekstri FASA úr FIFA árið 1961 (Bolsmann, 2010). Meðlimir Afríkukeppninnar árið 1959 enduðu þannig á því að vera einungis þau sömu þrjú lið og kepptu í fyrstu keppninni og stóðu Egyptar jafnframt uppi sem sigurvegarar, annað skiptið í röð (Alegi, 2010, bls. 67).

Á sama tímabili og João Havelange gegndi forsetaembætti FIFA fór Afríkukeppnin sömuleiðis að vaxa að álit og varð hún fljótlega ein af helstu alþjóðlegu keppnum heims (Dunmore, 2011, bls. 59). Þar spilaði inn í að enn fleiri lönd fengu sjálfstæði frá evrópskum nýlenduherrum. Fyrir þriðju Afríkukeppnina árið 1962 voru því svo mörg lið sem vildu taka þátt að þá þurfti í fyrsta sinn að halda undankeppni til að ákveða hvaða fjögur lið skyldu keppa um titilinn (CAF, 2022).

Gana varð algjört stórveldi í Afríkukeppninni á sjöunda áratugnum. Landslið þeirra varð t.d. tvívegis meistara og kepptu þeir auk þess tvisvar sinnum til úrslita (Ansari, 2022). Gana var jafnframt mjög leiðandi ríki á þessum tíma í Afríkuvæðingunni. Þeir komu fram með kröftuga leiðtoga, eins og forsetann Kwame Nkrumah, sem var einn þeirra sem gerðu tilkall til sam-afrískrar hreyfingar (e. *pan-African movement*). Hreyfingin var hugsuð sem leið í átt að samstöðu milli afrískra ríkja og var markmiðið með henni að uppræta leifar kynþáttamismununar. Nkrumah vildi meina að það yrði fullkomin frelsun fyrir Afríku. Þá er nafnið á ganverska knattspyrnuliðinu "*Black Stars*" einnig tilvísun í pólitíska hreyfingu sem kallaði eftir því að svartir menn í Bandaríkjunum sneru aftur heim til Afríku (Rofe og Tomlinson, 2020). Borið saman við áratugin tva þar á undan þá einkenndist áttundi áratugurinn af meiri fjölbreytni í Afríkukeppninni þar sem sex lið unnu titla. Það voru löndin Súdan, Kongó-Brazzaville, Zaire (sem í dag er Lýðstjórnarlýðveldið Kongó), Marokkó, Gana og Nígería. Gana varð síðan fyrsta landið til að vinna þrjá titla í Afríkukeppninni þegar þeir unnu keppnina árið 1978 (Ansari, 2022).

Árið 1965 setti Knattspyrnusamband Afríku á lög sem takmörkuðu fjölda atvinnuleikmanna sem spiluðu í Evrópu niður í tvo leikmenn hið mesta hjá hverju liði. Þessi lög voru í gildi allt til ársins 1982, og því höfðu leikmenn Afríkukeppninnar flest allir aðeins verið staðbundnir leikmenn í heimalöndum sínum (Macdonald, 2010). Kamerún var stórveldi í Afríkukeppninni á níunda áratugnum þar sem þeir kepptu þrisvar sinnum til úrslita og unnu tvisvar sinnum titilinn, árin 1984 og 1988 (Ansari, 2022). Annað stórveldi Afríkukeppninnar á níunda áratugnum var Alsír, sem komst í allar undanúrslitakeppnir níunda áratugarins, fyrir utan eina árið 1986.

Alsírmenn hreptu á endanum titilinn á sínum heimavelli þegar þeir voru gestgjafar keppninnar árið 1990 (Barclay, 2017). Á níunda áratugnum vann Gana einnig sinn fjórða titil árið 1982 (Ansari, 2022). Á tíunda áratugnum fjölguðu þátttökuliðum keppninnar upp í 12 talsins árið 1992 og aftur upp í 16 talsins árið 1996, þó einungis 15 lið höfðu keppt það ár, þar sem Nígeríumenn drógu sitt lið úr keppninni af pólitískum ástæðum (Ansari, 2022; Azikiwe, 2013). Árið 1996 markaði jafnframt tímamót í Afríkukeppninni þar sem Suður-Afríku var loksins hleypt aftur inn í keppnina eftir áratuga langt bann vegna aðskilnaðarstefnunnar og voru þeir sömuleiðis gestgjafar þeirrar keppni. Suðurafríska liðið *Bafana Bafana* bar sigur úr bitum á heimavelli sínum og innsiglaði þar með sinn fyrsta titil í Afríkukeppninni (CAF, 2022). Sigur kynþáttablandaðs liðs Suður-Afríku árið 1996 virtist tákna það hvernig kraftur knattspyrnunnar gat brúað bilið á milli þess félagslega og efnahagslega ójafnaðar sem aðskilnaðarstefnan hafði skilið eftir sig (Britannica, 2022).

Allt frá upphafi og fram til dagsins í dag hefur Egyptaland verið sigursælasta liðið í Afríkukeppninni. Fyrsti áratugur tuttugustu og fyrstu aldarinnar einkenndist einna helst af sigurum Egypta, þar sem þeir unnu keppnina þrjú skipti í röð á árunum 2006-2010 og eru þeir eina liðið sem hefur afrekað þrjá samfellda sigra í röð. Sigur þeirra árið 2010 varð þeirra sjöundi Afríkubikar og hefur ekkert lið náð að toppa þann fjölda titla í keppninni. Síðan 2010 hefur einnig tvisvar sinnum litlu munað að þeir skyldu ná áttunda titlinum, annars vegar þegar þeir töpuðu í úrslitaleik gegn Kamerún árið 2017 og hins vegar þegar þeir töpuðu í úrslitaleik gegn Senegal árið 2022 (Ansari, 2022). Egyptar eru ekki aðeins með sterkt landslið heldur er félagslegi boltinn í Egyptalandi sömuleiðis umfangsmikill. Vegna ýmissa fjárhagslegra og menningarlegra ástæðna geta Egyptar haldið toppleikmönnum heima fyrir og þannig styrkt staðbundin knattspyrnufélög sín. Val Egypta fyrir því að spila í heimalandi sínu þýðir að félög þar í landi eru mun sigursælli í afrískum félagakeppnum heldur en t.d. félög frá Gana eða Nígeríu, þar sem flestir bestu leikmenn þeirra spila utan landssteina síns heima (Glenn, 2019).

Eftir að Suður-Afríkumenn höfðu ekki lengur aðkomu á heimsmeistaramótin í kjölfar brottreksturs frá FIFA, sem og í kjölfar nýfengins frelsis og sjálfstæðis Afríkubjóða, þá varð Afríkukeppnin svo stór (Alegi, 2010, bls. 64; Ndiaye, e.d.). Evrópumótið var lengi framan af nokkurs konar "dvergmót" til hliðar, því Evrópumenn hugsuðu alltaf að Heimsmeistaramótið væri aðal málið. Evrópukeppnin fór ekki að öðlast almennilega viðurkenningu almúgans fyrr en upp úr 1980, þegar byrjað var að spila úrslitakeppnina með svipuðu sniði og í

Heimsmeistarakeppninni (Mittag og Legrand, 2012). Vegna þessa varð Afríkukeppnin mun mikilvægari í upphafi. Það er einnig mikilvægt að halda því til haga að Afríkukeppnin, sem sett var á laggirnar árið 1957, er fyrir vikið eldri heldur en Evrópukeppnin. Knattspyrnumenningin í Afríku hefur þar af leiðandi verið mun framsæknari heldur en menn hafa viljað viðurkenna. Segja mætti að þeir ryðji brautina fyrir Evrópubúum með álfukeppni. Síðustu ár hefur heimurinn fylgst með þessari líflegu keppni af kostgæfni í von um að sjá eitthvað nýtt, einstakt og framandi. Afríkukeppnin er hátíðarsýning afrískrar knattspyrnu og í ljósi þess að keppnin ferðast um alla álfuna leiðir hún fyrir sjónir ýmsa staði sem athyglin beinist alla jafna ekki að, eins og til dæmis löndin Malí og Búrkína Fasó (Páll Stefánsson, 2010). Í dag hafa 54 Afríkulönd kost á því að keppa um sæti í Afríkukeppninni, en aðeins 24 lönd af þeim 54 komast í keppnina hverju sinni. Af þessum 54 þjóðum eru þó 15 Afríkubjóðir sem enn í dag hafa aldrei náð að tryggja sér sæti á keppnina (Omondi-Ochieng, 2019).

4 Uppgangur á afrískum leikmannamarkaði

4.1 Staðbundin knattspyrna í Afríku

Ein helsta ógæfa Afríku hefur alltaf verið sú hvað staðbundna knattspyrnan er almennt veikburða (Páll Stefánsson, 2010). Auk þess hefur komið í ljós að víða í Afríku eru knattspyrnuakademíur gjörspilltar (Darby, Akindes og Kirwin, 2007). Afrísku akademíurnar eru venjulega staðsettar í blómlegum bæjum sem eru þekktir fyrir að geta af sér mikið af hæfileikaríkum upprennandi leikmönnum. Oftar en ekki má líta á þessar akademíur sem einskonar ráðabrukk til að græða peninga, þar sem ýmis félög og akademíueigendur í Afríku ráða til sín hæfileikaríka leikmenn í þeim eina tilgangi að selja þá til erlendra félaga í hagnaðarskyni. Þá hafa akademíurnar sjálfar jafnframt viðurkennt að aðalmarkmið þeirra sé framleiðsla á atvinnuleikmönnum (Nkang, 2021). Sérfræðingar hafa lýst yfir áhyggjum sínum af því að afríska knattspyrnukerfið sé orðið nokkurs konar framhald nýlendustefnunnar sem kyndi undir mansal. Þeir halda því fram að evrópskir klúbbar og spákaupmenn hafi tekið yfir eignarhald eða framkvæmdastjórn yfir akademíum í Afríku til að komast hjá ákveðnum reglum, eins og banni við alþjóðlegum flutningi ólögráða barna. Þannig geti þeir keypt hæfileikaríka afríska leikmenn á unga aldri og hagnast síðar meir á sölu þeirra (Esson, 2015). Ávinningurinn af afrískum akademíum er þó sá að þær þurfa að vera skráðar hjá sveitarfélögum eða staðbundnum knattspyrnusamböndum. Það er gert til þess að reyna eftir fremsta megni að tryggja að öll viðskipti sem gerð eru við leikmenn og ólögráða einstaklinga innan svæðisins séu lögleg og skráð niður. Samt sem áður hefur því miður ekki alltaf tekist að framfylgja þessum reglum og horfumst við í augu við þann vanda enn í dag (Nkang, 2021).

Margir ungir drengir sem koma úr fátækum fjölskyldum líta á knattspyrnuakademíur sem ákveðinn vettvangur sem geri þeim kleift að verða fulltrúar sinnar eigin framþróunar og velgengni. Þeir skynja það að með því að ganga til liðs við knattspyrnuakademíur munu þeir fá betri tækifæri til að flytjast búferlum og geta stjórnað eigin örlögum (Darby, Esson og Ungruhe, 2018). Sú staðreynd að UEFA deildirnar í Evrópu geti boðið afrískum leikmönnum umtalsvert hærri tekjur en innlendar deildir þeirra er eitt stærsta aðdráttarafl ungra leikmanna til að

komast á mála hjá þessum félögum (Ungruhe og Esson, 2017). Í ljósi þess að afrísku akademíurnar hlúa að draumum ungra drengja um að komast til Evrópu laða þær þ.a.l. til sín marga drengi og nýta sér vonir þeirra. Aftur á móti veita akademíurnar drengjum ekki menntunarþjálfun né undirbúa þá fyrir mögulegt líf utan knattspyrnunnar ef þeir reynast misheppnaðir leikmenn. Þessi vanræksla á menntun ýtir þá enn fremur undir þá staðreynd að afrísku akademíurnar séu fyrst og fremst starfræktar með það fyrir augum að afla hagnaðar af flutningi útskriftarnema til Evrópu frekar en að aðstoða viðkvæma og illa stadda drengi í sínum umdæmum (Ungruhe, 2016).

Áhrif atgervisflóttans á knattspyrnuna í heimalöndunum eru gífurleg. Afrísk félagslið eru vanrækt á sama tíma og afrískur leikmannahópur úti í heimi stækkar (Páll Stefánsson, 2010). Áhugamenn um knattspyrnu í Afríku hafa alla tíð fylgst náðið með evrópski knattspyrnu og því verða þeir undir svo miklum áhrifum þaðan (Ungruhe og Esson, 2017). Íbúar í fyrrum nýlendum hafa þannig verið að fá innblástur frá liðum fyrrum nýlenduherra sinna. Í Gíneu-Bissá er t.d. fylgst með knattspyrnunni í Portúgal, í frönskum fyrrum nýlendum er fylgst með franska boltanum og í breskum fyrrum nýlendum er fylgst með enska boltanum (Williams, 2018; Sportskeeda, 2019; Ungruhe og Esson, 2017). Íbúar í fyrrum nýlendum Bretar vita t.d. að Bretar séu bestir í knattspyrnu og allir eiga þá á sömu leið sín uppáhalds lið í ensku úrvalsdeildinni. Þetta sést greinilega þegar ferðast er um álfuna (Ungruhe og Esson, 2017). Í Gana klæðast krakkar t.d. ekki treyjum Ashanti Kokoto-liðsins eða Hearts of Oak. Öllu heldur klæðast þau treyjum enskra úrvalsliða á borð við Arsenal eða Chelsea. Hvað sem því líður er afrísk knattspyrna umfangsmikil og sérstök. Sú stemning sem myndast þegar áhorfendur koma saman á fullskipuðum leikvöngum þar sem þeir fagna með afrískum söng og hljóðfæraleik er gersamlega einstök og fyrirfinnst ekkert víðlíka í Evrópu eða Suður-Ameríku (Páll Stefánsson, 2010). Sömuleiðis er færni afrískra leikmanna frábrugðin öðrum þar sem hún byggir á þeirri hæfni sem ávinnst þegar reynt er að temja heimatilbúinn knött, sem gjarnan er búinn til úr þurrkuðum pálmablöðum, plastneti, tuskum eða trjáberki, sem skoppar taumlaus á ósléttum flötum (Páll Stefánsson, 2010).

Oft er litið á Afríku sem gullnámu hæfileikaríkra knattspyrnumanna sem hafa mikla ástríðu fyrir leiknum. Helsti munurinn á staðbundinni knattspyrnu í Afríku og í Evrópu er þó sá að Afríkumenn hafa ekki þessa sömu innviði og umgjörð í kringum liðin eins og tíðkast í Evrópu. Hvergi í heiminum er knattspyrna iðkuð við jafn erfið skilyrði og í Afríku (Acheampong, 2019).

Víða í álfunni er mikill skortur á búnaði til knattspyrnuíðkunar eins og boltum, skóm, mörkum, gervigrasvöllum o.fl., sem aftrar framþróun knattspyrnunnar þar í löndum. Ekki er t.d. óalgengt að sjá ungmenni í Afríku spila knattspyrnu í sandölum eða jafnvel berfætt, með netlaust mark (Páll Stefánsson, 2010).

Sigurganga Gana á Heimsmeistaramóti U-17 (undir 17 ára) árið 1991, sem og afnám laga á takmörkun erlendra leikmanna í evrópskri knattspyrnu árið 1995, leiddi m.a. til þess að Evrópumenn opnuðu augun á að þeir gætu keypt leikmenn frá Afríku. Þá fyrst byrjaði þessi "flóðbylgja" afrískra leikmanna frá Afríku, sérstaklega Afríku sunnan Sahara, til Evrópu fyrir alvöru – og ekki aðeins til hefðbundnu nýlendu landanna heldur fóru menn út um allar trissur (Akindes, 2013; Ungruhe, 2016). Vissulega voru knattspyrnutengdir búferlaflutningar frá Afríku til Evrópu þó ekki nýtt fyrirbæri á þessum tíma, þar sem að á nýlendutímanum voru leikmenn frá næstum allri Afríku fluttir til viðkomandi evrópskra nýlenduvelda, sérstaklega Frakklands, Stóra-Bretlands og Portúgals. Aukinheldur var það svo að góð frammistaða afrískra liða á unglíngamótum níunda áratugarins, ásamt upphafi að markaðssetningu atvinnuknattspyrnu í Evrópu, ýtti undir vaxandi áhuga á afrískum knattspyrnuhæfileikum í evrópskum deildum um alla Evrópu, sérstaklega Vestur-Evrópu (Ungruhe, 2016).

4.2 Flutningur afrískra leikmanna til Evrópu

Þeirri útbreiddu trú íbúa Afríku um að búferlaflutningar knattspyrnumanna, sér í lagi til Evrópu, bjóði upp á lausn á efnahagslegri óvissu og jaðarsetningu hefur lengi vel verið gert hátt undir höfði. Þessari tilhneigingu til búferlaflutninga fylgir þó sá skilningur að fyrir Afríkubúa er það auðveldara sagt en gert að fá vegabréfsáritun til Evrópu. Það er á þeim tímapunkti, þegar menn fá vegabréfsáritun, sem raunverulegt aðdráttarafi ferils í knattspyrnu kemur í ljós (Esson, 2015). Ýmislegt hefur stuðlað að vaxandi atvinnuvæðingu evrópskrar knattspyrnu, m.a. aukinn íþrótt- og efnahagslegur ójöfnuður milli evrópskra og afrískra deilda, útbreiðsla sjónvarps- og fjölmiðlaumfjöllunar á evrópskri knattspyrnu, mikill áhugi á Meistaradeild Evrópu og ensku og spænsku úrvalsdeildunum í Afríku, sem og vinsældir farsælla fyrirmýnda á borð við leikmenn eins og Didier Drogba frá Fílabeinsströndinni og Samuel Eto'o frá Kamerún (Ungruhe, 2016). Allt þetta og meira til hefur skerpt ímynd evrópskrar knattspyrnu sem mikilvægs áfangastaðar meðal hæfileikaríkra afrískra leikmanna. Í þokkabót hafa evrópsk félög einnig verið dugleg við að nýta sér afríska knattspyrnumenn vegna þess að þeir eru taldir bæta ákveðnum eiginleikum

við evrópska knattspyrnu, þar sem þeir eru ýmist álitnir fjörugir leikmenn sem beiti hinum ýmsu brellum og brögðum á vellinum eða sterkir og stæðilegir leikmenn. Sá mikli fjöldi afrískra leikmanna í evrópskri knattspyrnu byggir þannig bæði á margvíslegum hvötum bæði leikmannanna sjálfra sem og klúbbanna og lýsir gagnkvæmum tengslum milli evrópskrar og afrískrar knattspyrnu (Ungruhe, 2016).

Eins og áður sagði var það ekki fyrr en um og upp úr 1990 sem straumur afrískra leikmanna til Evrópu hófst af einhverri alvöru. Þrátt fyrir það hafði verið löng hefð fyrir að knattspyrnumenn flyttust frá álfunni, sem að stærstum hluta á rætur sínar að rekja til nýlendusögunnar (Darby, 2010). Eftir sjálfstæði Afríkuríkja voru þannig fyrrum nýlendutengsl enn notuð til að ráða inn bestu leikmenn álfunnar til evrópskra félaga (Ungruhe, 2016). Það þarf því ekki að undra að knattspyrnufélög þeirra landa sem höfðu haft umtalsverð völd í álfunni högnuðust hvað mest á innflutningi afrískra leikmanna (Darby, 2010). Talsvert mikil samskipti voru t.d. á milli Norður-Afríku og Evrópu. Bestu norðurafrísku knattspyrnumennirnir voru til að mynda farnir að spila í Frakklandi og jafnvel í franska landsliðinu mjög snemma á síðustu öld. Einn þeirra bestu var Marokkómaðurinn Larbi Ben Barek, gjarnan kallaður "Svarta perlan". Hann var tekinn í franska landsliðið árið 1930 (Poli og Dietschy, 2006). Alsírmaðurinn Rachid Mekloufi og samlandi hans Just Fontaine hlutu einnig mikla alþjóðlega viðurkenningu fyrir framlag sitt til franskra knattspyrnu (Darby, 2010). Mósambíkmaðurinn Eusébio da Silva Ferreira var sömuleiðis í röðum þeirra fremstu en hann spilaði með portúgalska landsliðinu. Eusébio var oft þekktur undir viðurnefninu "Svarti hlébarðinn" sökum færni og hraða á knattspyrnuvellinum (Hughson o.fl., 2017).

Efnahagslegir þættir og stjórnsýslumenning afrískrar knattspyrnu á tveimur aðalútflutningssvæðum afrískra leikmanna, þ.e.a.s. Norður-Afríku og strandríkjunum sunnan Sahara vestur af álfunni, útskýrir hvers vegna aðdráttarafli Evrópu er svo ómótstæðilegt fyrir afríska leikmenn. Þótt knattspyrnufélög í Norður-Afríku eins og í Marokkó, Túnis og Egyptalandi nái oft að halda hæfileikaríkum leikmönnum heima fyrir, a.m.k. á fyrri hluta ferils þeirra, geta þau því miður ekki keppt við evrópsk lið, jafnvel þau sem spila utan úrvalsdeildar, hvað varðar launin sem þau geta boðið leikmönnum. Til að taka dæmi væri hægt að benda á þá staðreynd að árlegt rekstrarframlag marokkósku klúbbanna tveggja, Raja Casablanca og Widal, sem almennt eru viðurkenndir sem ríkustu klúbbar álfunnar, er aðeins þriðjungur af fjárveitingum sumra minnstu liðanna í fyrstu deild Frakklands (Darby, Akindes og Kirwin, 2007). Launabilið á

milli atvinnumannaklúbba í Norður-Afríku annars vegar og Frakklandi hins vegar getur því verið allt að 20 á móti 1. Þessi blákalda tölfræði er ein af lykilástæðunum fyrir flutningum mikils fjölda Norður-Afríkubúa til atvinnumannadeilda í Evrópu og víðar. Flutningunum fylgir þó ekki alltaf velsæld og frábær laun, heldur þvert á móti hafa þeir leitt til þekktrar orðræðu sem lýsir þessu ferli undantekningarlaust sem nýlenduarðráni. Ráðningarferli afrískra leikmanna í evrópskar deildir hefur þannig verið líkt við ný-nýlendustefnu (e. *neo-colonialism*) sem felur í sér að afla, betrubæta og flytja út hráefni, sem í þessi tilviki eru afrískir leikmenn, til neyslu og gróða handa auðugum evrópskum félögum. Þetta ferli gerir Evrópulöndum kleift að skara eld að eigin köku, þar sem þetta stuðlar að aukinni auðsöfnun þeirra á kostnað aukins arðráns Afríkulanda, sem leiðir jafnframt til enn frekari fátæktar þeirra (Darby, Akindes og Kirwin, 2007). Að auki hjálpar þetta fyrirkomulag til við að viðhalda hnattrænum ójöfnuði, þar sem ríku löndin verða stöðugt ríkari og þau fátæku fátækari, enda er það fyrst og síðast nýlendustefnan sem hefur plægt akurinn fyrir þennan ójafna heim sem við horfum upp á í dag (Hung, 2021).

4.3 Spilling í knattspyrnuheiminum

Með hliðsjón af ofangreindu má draga þá ályktun að sterkt samband ríki á milli kapítalisma, nýlendutímans og ýmissa þeirra starfshátta sem nú tíðkast í knattspyrnuheiminum (Esson, 2015). Víða gætir því mikillar spillingar í hinum knattspyrnumiðaða heimi, allra helst hvað lágtekjulönd varðar. Ýmsar tölfræðirannsóknir og markaðsgreiningar hafa varpað ljósi á þróun á mikilvægi knattspyrnuviðskipta. Margar þessara greininga hafa t.d. sýnt afríska leikmenn sem ábatasamar útflutningsvörur fyrir evrópskan markað. Í þeim birtast knattspyrnumenn sem vörur sem valdamikil evrópsk knattspyrnufélög sækjast eftir. Líkt og hér áður var komið inn á, hefur verið sýnt fram á hvernig evrópsk félög nýta sér vinnuafli afrískra knattspyrnumanna með því að arðræna þá og vísitandi borga þeim ómannsæmandi laun, sem og með því að nota hæfileika þeirra fyrst og fremst til að græða á ódýrum fjárfestingum í mannauði þeirra (Ungruhe, 2016).

Þar sem flestir hæfileikaríkustu knattspyrnumennirnir í Afríku eru seldir út til evrópskra liða standa afrísku akademíurnar oftast en ekki frammi fyrir skorti á hæfileikaríkustu leikmönnum sínum – sem hjálpar m.a. til við að hefta þróun staðbundinnar knattspyrnu Afríkulanda. Með því að draga upp mynd af afrískum knattspyrnumönnum sem söluvörum innan alþjóðlegs viðskiptakerfis þar sem ójöfnuður ríkir, gefur það þeim skilningi byr undir báða vængi að

knattspyrnutengdir búferlaflutningar séu hluti af arðráni nýlendustefnunnar á Afríku og íbúa hennar. Hluti af þessari formgerðu nálgun er að lýsa afrískum leikmannaflutningum sem vafasömum viðskiptaháttum sem stuðli að arðráni þúsunda ungra og hæfileikaríkra Afríkumanna (Ungruhe, 2016).

Flestir þessara ungu drengja, eða í kringum 70% þeirra, sem freista gæfunnar í knattspyrnubransanum erlendis mistakast og eru þá yfirgefnir af óprúttum umboðsmönnum eða klúbbum og eru oft skildir eftir í eymdarlegum aðstæðum í útjaðri hinna ýmsu borga Evrópu (Ungruhe, 2016; Wolter, 2019). Þessir drengir hafa verið sviknir og það eitt og sér að vera svikinn af einhverjum á þessum aldri er nú þegar mikið áfall fyrir þessi 16 ára ungmenni og getur haft mjög skaðleg áhrif á þau (Wolter, 2019). Þeim leikmönnum sem sviptir hafa verið slíku umboði hefur verið lýst sem fórnarlömbum mansals og nútímaþrælkunar í fjölmiðlum og fræðilegum rannsóknum (Ungruhe, 2016).

Þrátt fyrir svik og svindl halda margir þessara leikmanna áfram að flytjast á milli staða í von um betra líf. Þeir vona að þeir hafi næga hæfileika til þess að koma sér út úr þeim skelfilegu aðstæðum sem þeir hafa lent í. Þeir neita að gefast upp og það er á þeirri stundu sem þeir eru auðveld bráð fyrir glæpasamtök. Knattspyrnuglæpasamtök leynast víða og algengt er t.d. að þau haldi úti Facebook síðum eða vefsíðum sem gætu verið meira og minna fagmannlega unnar. Á þessum síðum er hægt að finna tengiliðanúmer og flottar falsaðar myndir. Þar gæti til dæmis komið fram að ef þú borgar 4,000 evrur geturðu tekið þátt í þriggja mánaða þjálfunarbúðum með bestu þjálfurum í heimi. Jafnvel hæfikeikasnaður leikmaður gæti tekið þátt ef fjölskyldan hans getur borgað þessa upphæð. Svona kynningar eru falskar og það sem leikmenn gætu staðið frammi fyrir í raun og veru væri frekar röð gildra í stað þjálfunar. Líklegast yrðu þeir beðnir um að deila sameiginlegri og óhreinlegri aðstöðu með 15 öðrum leikmönnum, án þess að eiga möguleika á að fá peningana sína til baka (Wolter, 2019).

Í hnattrænum skilningi drottna iðnvædd vestræn ríki að mestu leyti yfir hinu kapítalíska heimshagkerfi með því að setja fram skilmálana um hvernig heimsviðskipti eigi að fara fram. Þar af leiðandi þróast þau og dafna á kostnað lágtekjuríkanna sem hanga á jaðri heimshagkerfisins. Á margan hátt útskýrir þetta fyrirkomulag eðli evrópskra félagsliða til að taka ólögmetu eignarhaldi yfir hæfileikaríka afríska leikmenn (Darby, Akindes og Kirwin, 2007). Evrópsk félagslið eru bersýnilega fjárhagslega sterkari en afrísku liðin og nota þess vegna öflugra efnahagslega stöðu sína til þess að segja til um á hvaða forsendum leikmannaviðskipti í

knattspyrnu eigi að fara fram. Vegna ótryggrar fjárhagsstöðu afríska félagsliða lenda þau í þeirri stöðu að vera háð viðskiptum við Vesturlönd, sem heftir framfarir afrískrar knattspyrnu í þágu evrópskra hagsmuna (Darby, Akindes og Kirwin, 2007).

Til þess að skilja stöðu Afríku innan alþjóðlegs knattspyrnuhagkerfis og alþjóðlegra knattspyrnusamtaka er nauðsynlegt að átta sig á nýlendufortíð og heimsveldisnútíð Afríku. Eftir sjálfstæði Afríkuríkja hafa þessi fyrrum heimsvaldasambönd þannig viðhaldið íþróttinni, sem og því arðráni og kúgun sem henni fylgir. Afturhvarf til marxíska sjónarhornsins skýrir vel tengslin á milli sögunnar og áhrifanna, sem og tengslin á milli smáborgaranna og öreiganna (Murphy, 2017). Í heimsstéttarlegu samhengi eru Afríkubúar því bæði fyrrum og núverandi verkalýðsstétt og nýlenduveldin bæði fyrrum og núverandi borgarastétt. Þetta gerir afríska knattspyrnu að tæki heimsvaldastefnu nýlenduveldanna, þar sem afrískt vinnuafl er arðrænt af kapítalískum Vesturlöndum (Murphy, 2017).

Í Afríkukeppninni árið 2013 gagnrýndi Stephen Keshi, þjálfari Nígeríu (þáverandi sigurvegara), straum evrópskra þjálfara til Afríku og sagði að þeir væru einungis að koma til Afríku út af peningum. Sagði hann að hvítu mennirnir væru ekki að gera neitt sem innfæddir gætu ekki gert og tók hann í lokin fram að hann væri ekki rasisti heldur að svona væri þetta einfaldlega bara (Hughson o.fl., 2017). Þetta er aðeins eitt af mörgum dæmum sem renna stoðum undir vestræna knattspyrnuvæðingu fyrrum nýlenduherra í Afríku. Öfugt við Afríkuvæðingu, felur vestræn væðing í sér að fjarlægja afríska siði úr afrískum samfélögum og móta þá í staðinn að háttum vestrænna kapítalískra samfélaga. Knattspyrnuvandinn í Afríku er því mjög skýrt dæmi um heimsvaldastefnu samtímans eftir sjálfstæði og arðrán nýlendutímans. Á sama tíma býður þessi vandi einnig upp á ákveðna áskorun til að vernda vinnuréttindi launþega í alþjóðlegu kapítalísku hagkerfi. Það liggur því í augum uppi að með þessari öfugþróun í íþróttastarfi eru fyrrum nýlenduveldi að snúa aftur til fyrri heimsvaldastefnu, sem byggir fyrst og fremst á efnahagslegu arðráni (Murphy, 2017). Stofnun knattspyrnuakademía og skóla í Afríku af evrópskum félögum, sem og framlag Evrópumanna til að stuðla að útflutningi afrískra knattspyrnuauðlinda má enn fremur túlka sem framlengingu á víðtækri nýheimsvaldastefnu ríkra landa í lágtekjulöndum (Darby, Akindes og Kirwin, 2007).

Til þess að draga úr spillingu innan knattspyrnuheimsins er þörf á að valdastrúktúrinn innan FIFA nái jafnvægi og ætti því endurúthlutun auðs og valds að vera lykilatriði í umbótum FIFA. Enn sem stendur hafa valdaminni lönd ekki notið góðs af fulltrúum sínum og atkvæðisrétti hjá

FIFA. Til þess að stuðla að frekara jafnvægi væri til dæmis hægt að setja á kosningakerfi sem byggði á íbúafjölda, sem myndi tryggja að smærri lönd nytu ekki lengur forréttinda í kosningum FIFA. Þetta myndi draga úr spillingu innan smærri deilda og gera fleiri embættismönnum FIFA kleift að kjósa á grundvelli verðleika frekar en eigin hagsmuna (Nkang, 2021). Önnur leið til að ná þessu jafnvægi væri að FIFA myndi brúa bilið á milli ríku og fátæku knattspyrnuþjóðanna, frekar en að viðhalda því. Til þess að brúa bilið þyrfti að stuðla að jafnari endurúthlutun á fjármagni knattspyrnunnar. Það væri t.d. hægt að gera með því að bjóða fátækum Afríkubjóðum fjárhagslegar bætur þegar þær missa hæfileikaríkustu leikmenn sína til evrópskra liða fyrir vanmetnar félagaskiptaupphæðir, líkt og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur lagt til með útflutningi á heilbrigðisstarfsfólki (Poli, 2010; WHO, e.d.). Það væri einnig mikilvægt til að koma í veg fyrir að ríkustu félögin einoki bestu leikmennina. Með betri stýringu á útdeilingu fjármagns myndu afrísku félögin geta styrkt staðbundnu félögin sín, byggt upp stærri og betri aðstöðu og þróað fleiri hæfileikaríka leikmenn. Betri uppbygging og aðstaða myndi síðan bæta gæði afrískrar knattspyrnu og sömuleiðis gæti það leitt til færri tilvika mansals, þar sem líklega myndi draga úr flutningi afrískra leikmanna (Nkang, 2021).

5 Mikilvægi knattspyrnu fyrir afrískar þjóðir

5.1 Félagslegir þættir

Þráin eftir félagslegri viðurkenningu rennir ekki síst stoðum undir löngun ungra afrískra drengja til að verða farsælir og eftirsóttir knattspyrnumenn. Ímyndin af "góða lífinu" í Evrópu og Ameríku, að búa í nútímalegu þéttbýli, sem og þrá eftir eftirsóttum vörum, lífsstíl, menntun eða atvinnutækifærum endurspeglar allt saman drauminn um að öðlast álit sem leiðir til viðurkenningar og félagslegrar þátttöku. Að lifa nútímalegum lífsstíl, græða peninga, verða giftingarhæfur og geta séð um fjölskyldu sína heima fyrir lýsa að sama skapi sterkri þrá ungmenna til að öðlast ákveðna félagslega stöðu og bæta lífsmöguleika sína með búferlaflutningum. Á meðan farsælir búferlaflutningar hjálpa ungum afrískum knattspyrnumönnum "að verða einhver" (e. *"to become a somebody"*) myndi það, að geta ekki flust búferlum og þ.a.l. að eiga enga möguleika á að geta deilt reynslusögum, táknum og vörum "nútímaheimsins", hindra ungt fólk frá því að öðlast félagslega stöðu meðal jafningja, fjölskyldunnar eða samfélagsins (Ungruhe, 2016). Hið vinsæla orðatiltæki meðal ungra farandverkamanna í Senegal "Barça ou Barzakhe" ("Barcelona eða dauði") undirstrikar það mikilvægi sem er í húfi við þá löngun að flytjast búferlum. Það að viðurkenna búferlaflutninga sem félagslegt viðmið og gera sér í hugarlund staðbundinn hreyfanleika í afrískum samfélögum sem "búferlaflutningsmenningu" bendir til rótgróinnar og menningarlegrar hefðar fyrir búferlaflutningum meðal Afríkumanna, að meðtöldum knattspyrnutengdum búferlaflutningum (Ungruhe, 2016).

Vissulega getur ferill í Evrópu, meðal margra upprennandi knattspyrnumanna, tengst einstaklingsmiðuðum táknum um velgengni eins og sportbílum, dýrum fötum, merkjavörum og módel kærustum. Þessi tákn gætu þá endurspeglad þær félagslegu, pólitísku og efnahagslegu breytingar sem áttu sér stað seint á tuttugustu öld í vestur-afrískum samfélögum, sem hafa greitt götuna fyrir aukinni einstaklingsmiðaðri viðleitni til að ná árangri í lífinu (Ungruhe, 2016). Í ófáum tilfellum hafa knattspyrnumenn einnig verið notaðir til þess að örva hið almenna ímyndunarafl sem loðir við íþróttir, þar sem knattspyrna gefur ungmönnum von um að öðlast

orðstír og verða stjarna í sínu heimalandi. Til samanburðar eru hugmyndir um hetjuna, fræga manninn eða stórstjórnuna æ ofan í æ notaðar við lýsingar á Didier Drogba, Samuel Eto'ó, Sadio Mané (frá Senegal) og fleiri kunnum knattspyrnumönnum. Þessar hugmyndir eru kraftmiklar og flæðandi, en sameiginlegt með þeim öllum er hugmyndin um frægð. Í ljósi þess að frægt fólk reiðir sig á opinbera ímynd sína og sýnileika, gegna fjölmiðlar þar að auki mikilvægu hlutverki í uppbyggingu þeirra. Í afrísku samhengi væri þó réttara að tala um uppbyggingu fræga fólksins með samskiptum frekar en fjölmiðlum, þar sem samskiptaform utan fjölmiðla, eins og orðrómur eða munnleg samskipti, eru ekki síður mikilvæg í afrískum samfélögum. Engu að síður eru nútímafjölmiðlar grundvallaratriði, eins og sýnt er fram á með fordæmi Didier Drogba á Fílabeinsströndinni og dreifingu á ímynd hans og félagslegu þýðingu um alla Afríku sem tákn árangurs (Künzler og Poli 2012).

Þrátt fyrir að menntun hafi orðið sífellt mikilvægari þáttur fyrir félagslegan hreyfanleika, hefur vægi hennar samt minnkað í seinni tíð. Gamla ímyndin um velgengni (sbr. menntaði embættismaðurinn) hefur ekki horfið, en hún virðist vera orðin gengisfelld og ekki eins miðlæg og hún var forðum. Til dæmis fluttu knattspyrnumennirnir kunnugu, Didier Drogba og Basile Boli, til Evrópu með það fyrir stafni að mennta sig enn frekar, en enduðu á að einbeita sér að knattspyrnu. Það kemur því ekki á óvart að ungir Afríkubúar vanrækja menntun í síauknum mæli og kjósa sér þess í stað feril í knattspyrnu, gjarnan með því að ganga í knattspyrnuakademíu. Vanræksla menntunar sem felst í vali á knattspyrnuferli hefur þó sannarlega verið gagnrýnd, sérstaklega meðal eldri, menntaðra Afríkumanna. Á meðan sumir fordæma val ungra drengja á knattspyrnuferli og telja það til óhóflegrar einstaklingshyggju, dást aðrir að því. Fyrir unga Afríkubúa er knattspyrna t.d. leið til samþættingar og félagslegs hreyfanleika með búferlaflutningum og þar með leið til árangurs (Künzler og Poli 2012).

Árangur er eftir sem áður margþætt fyrirbæri. Árangur á einu sviði getur leitt til árangurs á öðru sviði og þannig undið upp á sig. Til dæmis þegar farsæll knattspyrnumaður aflar sér tekna getur hann bæði stundað eftirtektarverðan neysluhyggjulífsstíl og fjárfest í hinum ýmsu táknrænu hlutum, en hann getur einnig fjárfest í félagslegum tengslum. Hann hefur sömuleiðis burði til að giftast og stofna fjölskyldu. Velgengni eykur sjálfsálit hans og opnar dyr að félagslegu tengslaneti við stjórnámamenn og annað mikilvægt fólk, óháð félags- og menntunarbakgrunni hans. Þetta eykur á sama tíma álit hans meðal almennings. Að þessu leiðir að hann getur reynt að breyta álitinu sínu og félagslegu tengslaneti í pólitíska stöðu eftir að knattspyrnuferlinum lýkur,

sem myndi jafnframt auka efnahagslegt fjármagn hans. Það er því ekki aðeins frammistaða knattspyrnumanna innan vallar sem fólk dáist að, heldur einnig, að því er virðist, hæfni þeirra til að hraða félagslegum framförum. Myndun félagslegra tengsla sem og aukin gæði þeirra eru þar af leiðandi jafn mikilvægir þættir fyrir velgengni knattspyrnumanna (Künzler og Poli 2012).

George Weah er gott dæmi um atvinnuknattspyrnumann sem leiddist út í pólitík eftir sinn feril. Þessi áður besti knattspyrnumaðurinn í heiminum er í dag forseti heimalands síns, Líberíu og hefur hann notað knattspyrnu til að efla stöðugleika þar í landi. Árið 2018 eyddi George t.d. yfir 2 milljónum dollara af eigin fjárhag í ferðalög, búnað og launakostnað fyrir landslið Líberíu. Grundvöllur framlags hans gæti hafa verið innblásinn af löngun hans til að stuðla að friði og samstöðu fyrir þá stríðshrjáða land sitt (Acheampong, 2019). Annað nýlegt dæmi er síðan kosning Samuel Eto'ó sem forseta knattspyrnusambands Kamerún. Hann var kjörinn forseti sambandsins í desember 2021, rétt tæpum mánuði áður en Afríkukeppnin var haldin í Kamerún (BBC, 2021).

5.2 Efnahagslegir þættir

Undanfarna tvo áratugi hefur þeim Afríkubúum sem ferðast til Evrópu sem knattspyrnumenn sífellt fjölgað. Að miklu leyti getur það stafað af væntingum þeirra til aukinna fjárhagslegra möguleika í hinum vestræna heimi, þar sem obbinn af tekjum þeirra er sendur heim til fjölskyldna, ættingja og upprunasamfélags þeirra. Ýmist má líta á þessar endurgreiðslur knattspyrnumanna til fjölskyldna og samfélaga sem arðsemi af fjárfestingum, menningarverðmæti, félagslegt viðmið eða stofnanabundið tengslanet fyrir hinar ýmsu stuðningsaðgerðir og aðstoð sem fjárfest er í með mannauði þeirra (Acheampong, 2019). Peningasendingar knattspyrnumanna geta falið í sér mismunandi merkingar. Þær eru t.d. oft stundaðar til að uppfylla menningarlega innbyggða kynslóðaskipan þeirra, eða sem leið til að viðhalda jákvæðum samböndum í gegnum félagsleg tengslanet, eða jafnvel til að sinna gagnkvæmum skyldum meðal þeirra sem bundnir eru við félagsleg viðmið og menningarverðmæti samfélaga sinna (Acheampong, 2019).

Allt þetta ber því sterkt vitni um að hugmyndafræði, skoðanir, siðir og venjur afrískra samfélaga hafa tilhneigingu til að setja takmörk fyrir efnahagslega hegðun einstaklinga. Þess ber þó að geta að peningasendingar á milli landa eru ekki ókeypis og taka milliliðirnir töluverðan hluta fjármagns til sín. Á því hefur verið vakin athygli að um brýnt réttlætismál sé að ræða að

minnka þennan milliliðakostnað og er það jafnframt eitt af viðmiðum heimsmarkmiðanna (nr. 10.c) (United Nations, 2022). Á annað borð gegna peningasendingar gríðarlega mikilvægu hlutverki hvað efnahag lágtekjuríkja varðar, þar sem að þær eru næststærsta uppspretta utanaðkomandi fjármagns þessara landa á eftir beinum erlendum fjárfestingum (Acheampong, 2019). Af þessu leiðir að hæfileg notkun innflutts fjármagns til hagkvæmra fjárfestinga getur stutt staðbundna þróun Afríkulanda upp að vissu marki. Hæfni afrískra knattspyrnumanna við að flytjast búferlum og senda peninga heim hefur jafnframt verið hvatning fyrir suma til að taka lán eða leggja fram sjálfskuldarábyrgð, til að gera þeim kleift að tryggja sér fjármuni sem myndu auðvelda þeim flutningana (de Haas, 2006).

Jákvæð áhrif peningasendinga má til dæmis sjá í breyttum og bættum heimilisaðstæðum, auknum möguleikum á menntun fjölskyldumeðlima, heilbrigðisstuðningi og fjármögnun fyrirtækja, hvort sem er til félagslegra verkefna eða til efnahagslegs ábáta. Þegar knattspyrnumenn taka þátt í sameiginlegri fjármögnun á innviðum heimabæja sinna, svo sem í uppbyggingu spítala, skóla, knattspyrnuakademía o.fl., hefur því verið fagnað. Það bendir á kaldhæðnislegan hátt til þess að Afríkubjóðir hafa í gegnum tíðina ekki getað veitt almenna grunnþjónustu, né verið með öfluga markaði, menntakerfi eða önnur stuðningskerfi. Með öðrum orðum hefur hæfni atvinnuleikmanna til að fjármagna sum þessara verkefna með eigin fjármunum getað fært ábyrgð sveitarfélaga og landsstjórna yfir á fólkið sitt, sem í kjölfarið getur leitt til alvarlegra afleiðinga hvað þróun Afríkulanda varðar (de Haas, 2007). Samhliða breyttu skipulagi, einkavæðingu og frjálsræði í efnahagslífi Afríkulanda hefur vaxandi uppsöfnun efnahagslegra auðlinda í einkaeigu hjá fulltrúum hins opinbera verið að eiga sér stað. Atvinnulífið í Afríku hefur því með árunum orðið sífellt ótryggara og atvinnuleysi á sömu leið farið vaxandi. Þar sem að aðeins fáir einstaklingar hagnast á þessu arðrænda hagkerfi Afríkulanda þjást flestir undan skorti og jaðarsetningu, sérstaklega ungt fólk – sem spilar einkum mikinn þátt í þrá þeirra fyrir betri fjárhagslegum möguleikum erlendis (Künzler og Poli 2012).

Í Afríku er litið svo á að atvinnuleikmenn séu ríkir óháð því í hvaða deildum þeir spila. Þetta álit skuldbindur nokkurn veginn afríska leikmenn til að taka ábyrgð á ungum sem öldnum fjölskyldumeðlimum þegar þeir hafa náð fullorðinsaldri (Acheampong, 2019). Í Malí er það til dæmis oft haft á orði að það að hafa knattspyrnumann í fjölskyldunni sé eins og að eiga olíulind. Í sumum tilfellum eru það jafnvel foreldrar upprennandi leikmanna sem eru fyrstir til að sjá dollaramerki í augum sínum. Ef foreldrum er tjáð að barnið þeirra sé hæfileikaríkur og góður

leikmaður verða þeir strax spenntir fyrir væntanlegum framtíðartekjum og eru tilbúnir til að gera nánast hvað sem er til að koma barninu sínu til Evrópu, svo það geti byrjað að afla tekna. Það eru því gjarnan foreldrar sem ýta hvað mest undir ákvörðun sona sinna um feril erlendis, vegna þess að þeir eru blindaðir af peningum. Þetta setur einnig gífurlega pressu á tilvonandi atvinnuleikmenn, þar sem allir í þorpinu þeirra eða heimabyggð munu vita hverjir þeir eru og auk þess er gríðarlega mikið af fólki sem mun treysta á þá. Ef vel til tekst að komast til Evrópu og ná árangri mun umboðsmaður leikmannanna vinna sér inn prósentu af félagaskipafé þeirra. Verðmæti leikmanna byggist því á félagaskiptagjöldunum og eru þeir iðulega tilbúnir til að ferðast þvert á heimsálfur í leit að meiri pening (Wolter, 2019). Ef þeim hins vegar mistekst að ná árangri á erlendri grundu þurfa þeir samt sem áður, með einum eða öðrum hætti, að borga fjölskyldum sínum og öðrum styrktaraðilum allt það fjármagn til baka sem lagt var í ferðina (Acheampong, 2019).

5.3 Fjölskyldutengdir þættir

Sú hugmynd um að ferill í knattspyrnu, einkum og sér í lagi erlendis, sé raunhæf lífsframfærsla sem geti lyft einstaklingi og fjölskyldu hans upp úr fátækt, hefur lengi vel verið ríkjandi í afrískum samfélögum. Þetta á sérstaklega við um unga, illa menntaða drengi sem koma úr lágtekjufjölskyldum. Þessir ungu drengir eru mjög meðvitaðir um að annaðhvort séu þeir nú þegar, eða munu á endanum verða, einir ábyrgir fyrir því að tryggja efnahagslega velferð sína. Þeir gera sér einnig vel grein fyrir því að ólíklegt sé að fjárhagslegur stuðningur í formi ríkisstyrks verði til staðar fyrir þá og fjölskyldur þeirra (Esson, 2015). Fjölskyldur afrískra leikmanna spila yfirleitt veigamikið hlutverk í búferlaflutningum þeirra, þar sem fjárhagslegur (sem og annars konar) stuðningur fjölskyldna er gríðarlega sterkt afl og oft grunnforsenda þess að þeir geti á annað borð flust búferlum. Sumar fjölskyldur selja jafnvel eignir sínar eða arf til að styðja við flutning fjölskyldumeðlims sem vill ferðast erlendis (de Vasconcellos Ribeiro og Dimeo 2009). Stuðningur af þessu tagi endurspeglar fjárfestingar fjölskyldna og annarra meðlima samfélagsins í mannauði knattspyrnumanna og getur aukið væntingar um framtíðarárangur þeirra. Á vissan hátt getur stuðningurinn neytt leikmenn til að nýta væntanlegar tekjur sínar í að styðja við afkomu fjölskyldna, vana og samfélagsins. Nærvera og stuðningur fjölskyldna í flutningum leikmanna hefur þ.a.l. tilhneigingu til að hafa áhrif á nýtingu tekna þeirra, þar með talið hvers konar fjárfestingar þeir ráðast í eftir að hafa orðið atvinnumenn erlendis

(Acheampong, 2019). Þannig viðurkenna fjölskyldur búferlaflutninga sona sinna eða systkina sem óeigingjarnan persónulegan metnað vegna þess að væntanleg fjárhagsleg umbun í þeirra garð getur stutt afkomu fjölskyldunnar til langs tíma (de Vasconcellos Ribeiro og Dimeo 2009).

Sá tilgangur að senda peninga heim til fjölskyldna sinna hefur orðið eitt helsta einkenni á búferlaflutningum afrískra farandverkamanna. Þetta gerir hlutverk peningasendinga óumdeilanlegt og óumflýjanlegt, vegna þess að misbrestur einstaklinga á að senda peninga heim gæti orðið að athlægi eða slúðri af hálfu fólksins í samfélögum þeirra. Þessi þróun hefur orðið til þess að farandverkamenn hafa í gegnum tíðina afsalað sér aukinni þátttöku og áhuga í upprunasamfélögum sínum, sem frá félagsvísindalegu sjónarhorni hefur verið skilgreint sem gagnkvæmt ferli búferlaflutninga. Með þessu sýna farandverkamenn skýra félagslega skuldastöðu og efnahagslega hegðun sem getur útskýrt nýtingu á fjármunum þeirra og fjárfestingum í upprunasamfélögum sínum (Acheampong, 2019).

Hlutverk fjölskyldna er mjög ólíkt í afrískum samfélögum og í hinum vestrænu og er sá munur undirstöðuatriði fyrir skilning á búferlaflutningum Afríkumanna. Þó afrískir foreldrar taki flestir ábyrgð á velferð barna sinna er gert ráð fyrir því að börnin taki að sér ýmis verkefni á heimilinu eins og að sjá um yngri systkini, elda, þvo eða jafnvel að vinna utan heimilis til að afla tekna fyrir fjölskylduna. Enn fremur er gert ráð fyrir því að börn sjái um aldraða foreldra sína þegar þau eru orðin fullorðin, t.d. með því að styðja þau fjárhagslega. Þannig er samband foreldra og barna gagnkvæmt og skilur það eftir mikla ábyrgð á barnakynslóðinni, sem eykst með aldri barnanna (Ungruhe, 2016). Munurinn á því þegar evrópskir menn skrifa undir knattspyrnusamning annars vegar og afrískir menn hins vegar er þannig sá, að í Evrópu eiga menn allar sínar tekjur og eignir út af fyrir sig. Sumir Evrópubúar hjálpa fjölskyldum sínum þegar þeir eru í betri stöðu, en oftast er það svo að þegar Evrópumenn skrifa undir samning óska foreldrarnir þeim aðeins velfarnaðar og er það allt og sumt. Þegar afrískir leikmenn skrifa undir samning snýst þetta ekki um heppni, heldur bera menn þar með ábyrgð á sjálfum sér, fjölskyldum sínum, vinum, stórfjölskyldu, fyrrverandi liðsfélögum og öðrum í samfélaginu. Þrátt fyrir það virðist enginn afrískur knattspyrnumaður kvarta yfir því, vegna þess að það að "gefa til baka" telst til menningarlegra viðmiða og gilda Afríkulanda (Acheampong, 2019).

Þó að félagslegir þættir séu oft taldir vera helsta ástæða löngunar ungra drengja fyrir að vilja hefja feril erlendis, sbr. það að öðlast félagslega stöðu og "að verða einhver", er stuðningur við fjölskylduna aðalástæðan fyrir því að þeir vilji flytjast búferlum (Ungruhe, 2016). Afrískir

leikmenn hafa löngun til að bæta líf fjölskyldna sinna, foreldra, vina og samfélagsins með væntanlegum tekjum sem munu safnast af atvinnuferli þeirra erlendis (Acheampong, 2019). Þegar leikmenn nota feril sinn til að styðja við fjölskyldur sínar fjárhagslega ávinna þeir sér mikla virðingu frá ættingjum sínum í skiptum, sem hjálpar þeim til við að skilja eftir sig ummerki. Ef leikmenn hafa tök á, er einnig afar algengt að þeir sýni samfélagi sínu þakklæti með stofnun ýmissa góðgerðarsamtaka eða verkefna. Þeir sem ekki hafa burði til að hafa slík áhrif í samfélagi sínu reyna a.m.k. að tryggja lífsviðurværi fjölskyldna sinna og byggja hús handa foreldrum sínum (Ungruhe, 2016). Knattspyrnumenn sem senda peninga heim geta því verið ein af ástæðum þess að fjölskyldur, ættingjar, vinir og samfélög telji nauðsynlegt að styðja alltaf syni sína eða systkini við það að flytjast búferlum. Peningasendingar frá Evrópu eru þannig sagðar vera ómissandi þáttur heimilanna til að sigrast á staðbundnum vandamálum. Þær hafa ekki síður umtalsverð áhrif á lífsviðurværi, félagslegt öryggi og velferðarhagnað fólks í lágtekjulöndum samanboreð við samanlagða þróunar- og mannúðaraðstoð sem veitt er þar í löndum. Jafnframt gera peningasendingar fjölskyldum kleift að safna töluvert meiri fjármunum erlendis frá heldur en innan álfunnar (Acheampong, 2019). Í ljósi þessa hafa flutningar knattspyrnumanna til Evrópu gjarnan verið bendlaðir við kynbundin umönnunar- og skylduhlutverk með fjölskyldumeðlimi og ættingja fyrir augum sem miðpunkt ákvarðanatökunnar (Poli, 2006).

6 Samantekt

Frá þeim tíma sem að nýlenduherrarnir skutu knattspyrnunni föstum rötum í Afríku á seinni hluta nítjándu aldar hafa vinsældir og útbreiðsla hennar innan Afríkulanda orðið sífellt meiri fram að þessu. Þrátt fyrir að mikið sé um skort á knattspyrnubúnaði þá kemur það ekki í veg fyrir ástríðu Afríkumanna fyrir íþróttinni, þar sem útsjónarsemi þeirra við að klambra saman heimatilbúinn búnað er oft með hreinum ólíkindum. Ástríða Afríkumanna fyrir knattspyrnunni birtist ekki síst í þeirri staðreynd að einn algengasti draumur meðal ungra afrískra drengja er að þróa með sér farsælan feril í knattspyrnu. Til þess að hlúa að þeim draumi þurfa drengirnir alla jafna að byrja á því að ganga til liðs við staðbundnar knattspyrnuakademíur, til þess að eiga möguleika á því að komast síðar á samning hjá evrópskum félögum. Þetta gerir það að verkum að aðdráttarafl staðbundnu akademíanna er heldur sterkt. Það er þó deginum ljósara að innan ófárra afrískra knattspyrnuakademía ríkir mikil spilling og ekki síst vanræksla á þeim drengjum sem ekki reynast nógu góðir leikmenn. Afrísku akademíurnar þrífast á viðskiptum við vestrænar akademíur og þar af leiðandi einblína þær einna helst á að þjálfa og betrumbæta hæfileikaríka leikmenn, til þess að geta selt þá út á sem hæstu verði. Í ljósi þessa væri þannig áhugavert að velta fyrir sér hvort afrísku akademíurnar myndu yfir höfuð vera starfhæfar ef ekki væri fyrir viðskiptatengsl þeirra við Vesturlönd, þar sem sölur á leikmönnum til erlendra félaga eru ein helsta uppistaðan í rekstri þeirra.

Eins og komið var inn á í þessari ritgerð eiga viðskiptasambönd og spilling hátekkjúlunda í lágtekkjúlöndum fyrst og fremst rætur sínar að rekja til nýlendusögunnar. Fyrrum nýlenduveldi hafa þannig getað haldið viðskiptasamböndum við fyrrum nýlendur sínar í kjölfar sjálfstæðis þeirra, sem hefur sömuleiðis gert þeim kleift að halda arðráni og kúgun þeirra áfram. Hvað knattspyrnuviðskipti varðar er ekkert lát þar á. Þetta hefur gert það að verkum að evrópsk knattspyrnufélög hafa getað stórgrætt þegar þau fjárfesta í hæfileikaríkum afrískum leikmönnum á ódýru verði. Með slíkum viðskiptum bæta evrópsku félögin ekki aðeins gæðum og hæfileikum við lið sín, heldur geta þau einnig grætt stórar fjárhagslegar upphæðir við kaup

á afrískum leikmönnum, þar sem ekki er óalgengt er að evrópsk félög borgi afrískum leikmönnum ómannsæmandi laun. Ekki eru þó allir afrískir leikmenn jafn hæfileikaríkir, heldur þvert á móti reynast mun fleiri vera hæfileikasnauðir heldur en færri. Ungir afrískir leikmenn sem illa gengur að ná árangri í Evrópu eru iðulega yfirgefnir af ósvífnum umboðsaðilum eða félögum og þurfa þeir þar með sjálfir að reyna að koma sér út úr þeim báglegu aðstæðum sem þeir hafa lent í. Þeim drengjum sem sætt hafa slíkri meðhöndlun hefur oft verið líkt við fórnarlömb mansals. Lagt hefur verið til að með betri endurúthlutun FIFA á fjármagni knattspyrnunnar til Afríkulanda væri hægt að styrkja staðbundnar afrískar knattspyrnuakademíur þannig að þær gætu haldið fleiri leikmönnum í heimalöndum sínum, a.m.k. á fyrri hluta ferils þeirra, sem gæti þ.a.l. stuðlað að færri tilvikum mansals.

Þótt upphaf knattspyrnunnar megi rekja aftur til tímans fyrir upphaf okkar tímatalis og skráðrar sögu þá barst hún ekki til Afríkulanda fyrr en um og upp úr 1860. Þrátt fyrir að íþróttin hafi borist þangað seint þá hefur knattspyrnan í Afríku verið töluvert framsæknari þar heldur en margir hafa haldið, þar sem Afríkubúar komu t.a.m. á fót álfukeppni á undan Evrópubúum. Í dag er Afríkukeppnin ein virtasta og stærsta keppni Afríku, sem hefur farið úr því að innihalda þrjú keppnislið við stofnun árið 1957 yfir í tuttugu og fjögur keppnislið árið 2019. Færni og tilburðir afrískra leikmanna eru þá taldir vera annars eðlis en hjá evrópskum leikmönnum og eru þeir, eins og fyrr segir, gjarnan sagðir bæta ákveðnum gæðum og eiginleikum við evrópska knattspyrnu. Þess vegna byggir sá mikli fjöldi afrískra leikmanna í evrópskum deildum á gagnkvæmum hvötum og vilja beggja aðila fyrir viðveru þeirra.

Ljóst er þó að ferill í knattspyrnu hefur aðra og dýpri þýðingu fyrir Afríkubúa heldur en Evrópubúa. Ástæður þess má m.a. rekja til menningarlegra kynslóðaskipan þeirra, félagslegra gilda og viðmiða afrískra samfélaga og tilhneigingu Afríkumanna til að "gefa til baka" til samfélagsins. Löngun þess að lifa í vellystingum evrópskra samfélaga, öðlast orðstír og geta keypt sér dýra og táknræna hluti hafa oft verið taldir meðal helstu undirstöðupátta fyrir löngun Afríkumanna á knattspyrnuferli erlendis. Réttara reynist þó að fjárhagslegur stuðningur við foreldra og aðra fjölskyldumeðlimi sé aðalástæðan fyrir flutningum afrískra leikmanna, þar sem þeir hafa verulega löngun til þess að bæta líf fjölskyldna sinna og gefa af sér til baka. Dýpri þýðing knattspyrnunnar í Afríku birtist ekki síður í þeirri staðreynd að hún hefur getað stuðlað að ákveðnum stöðugleika þar í löndum, með því t.d. að brúa bil á milli á stétta og samfélaga. Í Suður-Afríku hefur þá knattspyrnan sömuleiðis gegnt öflugum hlutverki í baráttunni við

aðskilnaðarstefnuna og við þjóðaruppbyggingu Suður-Afríku. Þannig hefur íþróttin t.a.m. hjálpað til við að brúa bilið á milli þess félagslega og efnahagslega ójafnaðar sem aðskilnaðarstefnan skildi eftir sig.

Í ritgerðinni var komið inn á peningasendingar og mikilvægi þeirra fyrir afrísk samfélög, en peningasendingar gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki hvað efnahag Afríkulanda varðar, þar sem þær eru næststærsta utanaðkomandi tekjulind margra Afríkulanda. Það yrði því heilmikill missir fyrir Afríkulönd og staðbundna þróun þeirra ef farandverkamenn myndu hætta að senda peninga heim. Sýnt hefur verið fram á að þessar peningasendingar stuðli að aukinni sjálfsbjargarviðleitni og betri lífsgæðum meðal fátæks almúga Afríkulanda, sem og auknum menntunartækifærum, heilbrigðisstuðningi o.fl. Í ljósi ofangreinds liggur þannig í augum uppi að knattspyrna er mun meira en bara íþrótt í augum Afríkubúa, þar sem hún er ekki aðeins skemmtileg og félagslega eflandi liðsíþrótt, heldur getur hún hreinlega skipt sköpum hvað lífsmöguleika og lífsgæði leikmanna, fjölskyldna þeirra og heilu samfélaganna varðar.

Heimildaskrá

- Acheampong, E. Y. (2019). Giving back to society: evidence from African sports migrants. *Sport in Society*, 22(12), 2045-2064.
<https://doi.org/10.1080/17430437.2018.1551367>
- Akindes, G. A. (2013). South Asia and South-East Asia: new paths of African footballer migration. *Soccer & Society*, 14(5), 684-701.
<https://doi.org/10.1080/14660970.2013.792486>
- Alegi, P. (2010). *African Soccerscapes: How a Continent Changed the World's Game*. Ohio University Press.
- Ansari, A. (2022, 7. febrúar). African Cup of Nations Winners – Egypt, Cameroon dominate continental showpiece. *Olympics.com*. <https://olympics.com/en/news/africa-cup-of-nations-afcon-winners-list-champions-record>
- Azikiwe, I. (2013). *Nigeria: Echoes of A Century: 1999-2014*. AuthorHouse.
- Barclay, S. (2017). *The 31st CAF Africa Cup of Nations: Complete Match Record, Squad Details, Qualifying Rounds, Statistics & Tournament History*. Silverton Publishing.
- BBC. (2021, 11. desember). *Samuel Eto'o: Cameroon elect former football star president of di kontri football federation*. <https://www.bbc.com/pidgin/sport-59622093>
- Bogaerts, E. og Raben, R. (ritstjórar). (2012). *Beyond Empire and Nation: The Decolonization of African and Asian Societies, 1930s-1960s*. KITLV Press.
- Bolsmann, C. (2010). White football in South Africa: empire, apartheid, and change, 1892–1977. *Soccer & Society*, 11(1-2), 29-45. <https://doi.org/10.1080/14660970903331318>
- Bolsmann, C. og Marschik, M. (2016). 'They are able to play football in South Africa': Austria's 'little Wunderteam' on tour in 1936. *Sport in History*, 36(4), 439-458.
<https://doi.org/10.1080/17460263.2016.1195768>
- Britannica. (2022). *Africa Cup of Nations: Football Competition*.
<https://www.britannica.com/sports/African-Cup-of-Nations>
- CAF. (2022, 2. janúar). *1996, Bafana Bafana's triumphant entry to world football*.
<https://www.cafonline.com/total-africa-cup-of-nations/news/1996-bafana-bafana-s-triumphant-entry-to-world-football>

- CAF. (2022, 2. janúar). *Ethiopia's unforgotten 1962 glory*. <https://www.cafonline.com/total-africa-cup-of-nations/news/ethiopia-s-unforgotten-1962-glory>
- Cuevas, C., Quilón, D. og García, N. (2020). Techniques and applications for soccer video analysis: A survey. *Multimedia Tools and Applications*, 79, 29685–29721. <https://doi.org/10.1007/s11042-020-09409-0>
- Darby, P. (2002). *Africa, Football and FIFA: Politics, Colonialism and Resistance*. Frank Cass Publishers.
- Darby, P., Akindes, G. og Kirwin, M. (2007). Football Academies and the Migration of African Football Labor to Europe. *Journal of Sport and Social Issues*, 31(2), 143-161. <https://doi.org/10.1177/0193723507300481>
- Darby, P. og Solberg, E. (2010). Differing trajectories: football development and patterns of player migration in South Africa and Ghana. *Soccer & Society*, 11(1-2), 118-130. <https://doi.org/10.1080/14660970903331433>
- Darby, P. (2010). 'Go Outside': The History, Economics and Geography of Ghanaian Football Labour Migration. *African Historical Review*, 42(1), 19-41. <https://doi.org/10.1080/17532523.2010.483793>
- Darby, P., Esson, J. og Ungruhe, C. (2018). *Migration, Sport for Development and Sports Academies: The Case of Football in Africa*. Routledge.
- de Haas, H. (2006). Migration, remittances, and regional development in Southern Morocco. *Geoforum*, 37(4), 565-580. <https://doi.org/10.1016/j.geoforum.2005.11.007>
- de Haas, H. (2007). *Remittances, Migration and Social Development: A Conceptual Review of the Literature*. UNRISD. <https://www.unrisd.org/en/library/publications/remittances-migration-and-social-development-a-conceptual-review-of-literature>
- de Vasconcellos Ribeiro, C. H. og Dimeo, P. (2009). The experience of migration for Brazilian football players. *Sport in Society*, 12(6), 725-736. <https://doi.org/10.1080/17430430902944159>
- Dunmore, T. (2011). *Historical Dictionary of Soccer*. The Scarecrow Press.
- Esson, J. (2013). A body and a dream at a vital juncture: Ghanaian youth, uncertainty and the allure of football. *Geoforum*, 47, 84-92. <https://doi.org/10.1016/j.geoforum.2013.03.011>
- Esson, J. (2015, 15. janúar). Modern slavery, child trafficking, and the rise of West African football academies. *Opendemocracy.net*. <https://www.opendemocracy.net/en/beyond-trafficking-and-slavery/modern-slavery-child-trafficking-and-rise-of-west-african-football-academi/>

- FIFA. (e.d.). *Associations and Confederations*. <https://www.fifa.com/associations>
- FIFA. (2019). *FIFA Financial Report 2018*. <https://resources.fifa.com/image/upload/fifa-financial-report-2018.pdf?cloudid=xzshsoe2ayttyquuxhq0>
- Fletcher, M. (2016). *Routledge Handbook of Football Studies*. Routledge.
- Glenn, I. (2019). Africa and football: Five notes for media students and cultural theorists. *Communitas*, 24(12), 1-11. <https://doi.org/10.18820/24150525/Comm.v24.12>
- Hughson, J., Moore, K., Spaaij, R. og Maguire, J. (ritstjórar). (2017). *Routledge Handbook of Football Studies*. Routledge.
- Hung, H. (2021). Recent trends in global economic inequality. *Annual Review of Sociology*, 47, 349-367. <https://doi.org/10.1146/annurev-soc-090320-105810>
- Korzynski, P. og Paniagua, J. (2016). Score a tweet and post a goal: Social media recipes for sports stars. *Business Horizons*, 59(2), 185-192. <https://doi.org/10.1016/j.bushor.2015.11.002>
- Künzler, D. og Poli, R. (2012). The African footballer as visual object and figure of success: Didier Drogba and social meaning. *Soccer & Society*, 13(2), 207-221. <https://doi.org/10.1080/14660970.2012.640502>
- Macdonald, T. (2010). *The World Encyclopedia of Football: A Complete Guide to the Beautiful Game*. Hermes House.
- Mayeza, E. (2017). 'Girls don't play soccer': children policing gender on the playground in a township primary school in South Africa. *Gender and Education*, 29(4), 476-494. <https://doi.org/10.1080/09540253.2016.1187262>
- Mittag, J. og Legrand, B. (2010). Towards a Europeanization of football? Historical phases in the evolution of the UEFA European Football Championship. *Soccer & Society*, 11(6), 709-722. <https://doi.org/10.1080/14660970.2010.510727>
- Murphy, M. P. A. (2017). The empire strikes back: towards a Marxist critique of soccer in Sub-Saharan Africa. *Sport in Society*, 20(9), 1271-1280. <https://doi.org/10.1080/17430437.2017.1284797>
- Murray, B. (1996). *The Worlds Game: A History of Soccer*. University of Illinois Press.
- Ndiaye, M. (e.d.). African Cup of Nations: A Rich History. *Goal.com*. <https://www.goal.com/en/news/815/2013-africa-cup-of-nations/2009/12/08/1671481/african-cup-of-nations-a-rich-history>

- Nkang, I.-O. (2021). *Football trafficking: a socio-legal study on the trade of African football minors* [doktorsritgerð, Nottingham Trent University]. Irep.
<http://irep.ntu.ac.uk/id/eprint/44541/>
- Omondi-Ochieng, P. (2019). Africa cup of nations: a resource-based view of football staff, *Managing Sport and Leisure*, 24(4), 193-207.
<https://doi.org/10.1080/23750472.2019.1611469>
- Páll Stefánsson. (2010). *Áfram Afríka*. PHK Books.
- Poli, R. og Dietschy, P. (2006). African football between immobility and extroversion. *African Politics*, 102(2), 173-187. <https://doi.org/10.3917/polaf.102.0173>
- Poli, R. (2006). Africans' Status in the European Football Players' Labour Market. *Soccer & Society*, 7(2-3), 278-291. <https://doi.org/10.1080/14660970600615369>
- Poli, R. (2010). African migrants in Asian and European football: hopes and realities. *Sport in Society*, 13(6), 1001-1011. <https://doi.org/10.1080/17430437.2010.491269>
- Pouliopoulos, T. og Georgiadis, K. (2021). FIFA and UEFA, a critical review of the two organizations through the lens of institutional theory and MacIntyre's philosophical schema. *Soccer & Society*, 22(7), 778-790.
<https://doi.org/10.1080/14660970.2021.1896498>
- Rofe, J. S. og Tomlinson, A. (2020). The Untold Story of FIFA's Diplomacy and the 1966 World Cup: North Korea, Africa, and Sir Stanley Rous. *The International History Review*, 42(3), 505-525. <https://doi.org/10.1080/07075332.2019.1593218>
- Sait, S. og Bogopa, D. (2021). Anthropological Inquiry on Gender Inequality: The Case of Women Soccer in Gelvandale, Port Elizabeth. *Gender and Behaviour*, 19(2).
https://journals.co.za/doi/abs/10.10520/ejc-genbeh_v19_n2_a15
- Sportskeeda. (2019, 20. mars). *Soccer-Portugal's Euro heroics to inspire Guinea Bissau*.
<https://www.sportskeeda.com/football/soccer-portugals-euro-heroics-to-inspire-guinea-bissau>
- Ungruhe, C. (2016). Mobilities at Play: The Local Embedding of Transnational Connections in West African Football Migration. *The International Journal of the History of Sport*, 33(15), 1767-1785. <https://doi.org/10.1080/09523367.2017.1330262>
- Ungruhe, C. og Esson, J. (2017). A Social Negotiation of Hope: Male West African Youth, 'Waithood' the Pursuit of Social Becoming through Football. *Boyhood Studies*, 10(1), 22-43. <https://doi.org/10.3167/bhs.2017.100103>
- United Nations. (2022). *SDG indicators: Metadata repository*.
<https://unstats.un.org/sdgs/metadata/?Text=&Goal=10&Target=10.c>

- Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðbjólfsson. (1997). *Knattspyrna í heila öld*. KSÍ.
- Whitehead, C. (1999). The Contribution of the Christian Missions to British Colonial Education. *Paedagogica Historica*, 35(1), 321-337.
<https://doi.org/10.1080/00309230.1999.11434947>
- Williams, T. (2018, 13. júlí). Why France Are Carrying Africa's Hopes in the World Cup Final. *Bleacherreport.com*. <https://bleacherreport.com/articles/2785862-why-france-are-carrying-africas-hopes-in-the-world-cup-final>
- Wolter, M. (2019, 24. september). Migrating for football: The harsh reality behind the dream. *Infomigrants.com*. <https://www.infomigrants.net/en/post/19733/migrating-for-football-the-harsh-reality-behind-the-dream>
- World Health Organization (WHO). (e.d.). *Addressing the international migration of health workers*. <https://www.who.int/activities/addressing-the-international-migration-of-health-workers>